FRÉTTABLAÐIÐ

259. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 8. DESEMBER 2020

Hér gefur að líta yfirlitsmynd af svæðinu við Elliðaár þar sem Orkuveita Reykjavíkur tæmdi lón við Elliðaárvirkjun í lok október. Nokkur styr hefur staðið um tæminguna en virkjunin hefur ekki verið í notkun síðustu sex ár. Töldu skipulagsyfirvöld Reykjavíkur að skort hefði samráð um tæminguna og íbúar að ásýnd svæðisins hefði breyst til verri vegar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Um 200 milljónir í bætur vegna riðu

Gert er ráð fyrir að bætur til þeirra bænda sem hafa þurft að skera niður fé sitt vegna riðuveiki sem kom upp í haust muni nema um 200 milljónum. Ekki er gert ráð fyrir svo háum greiðslum í fjárlagafrumvarpi. Fjárveiting fer eftir því hvenær bætur verða greiddar.

LANDBÚNAÐUR Áætlað er að heildarbætur til bænda vegna riðuveiki sem komið hefur upp á fimm bæjum í Skagafirði muni nema um 200 milljónum króna. Þetta kemur fram í svari sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn þingmannsins Ingu Sæland. Engar bætur hafa enn verið greiddar til bænda sem skera þurftu niður fé sitt vegna riðuveikinnar í haust.

Gert er ráð fyrir rúmum 123 milljónum í málaflokk með heitinu Greiðslur vegna varna gegn dýrasjúkdómum í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2021 sem er um 50 milljónum hærra framlag en á síðustu fjárlögum. Miðað við framangreint kann þó að verða nauðsynlegt að endurskoða þá fjárhæð þegar fyrir liggur hvernig bótagreiðslur munu skiptast milli ára, segir í svari ráðherra.

Fréttablaðið náði ekki tali af ráðherra við vinnslu fréttarinnar, en Haraldur Benediktsson, varaformaður fjárlaganefndar og fyrrverandi formaður Bændasamtaka Íslands, segir varasjóð vegna dýrasjúkdóma hafa verið aflagðan þegar ný lög um opinber fjármál tóku gildi. Fjárheimild til bóta fyrir bændur kunni að fást að hluta til með sérstakri heimild í fjárlögum og að hluta í fjáraukalögum. Það fari í raun eftir því hvenær bætur til bænda verði greiddar út.

» Riðuveiki kom upp á fimm bæjum í Skagafirði í haust. Endurskoðun á reglum og stjórnsýslu um riðuveiki stendur yfir í atvinnuvegaráðuneytinu.

Fyrirliggjandi reglur og stjórnsýsluframkvæmd tengd riðuveiki sætir nú mati og endurskoðun hjá ráðuneytinu í samráði við Matvælastofnun, bæði hvað varðar fyrirbyggjandi aðgerðir og viðbrögð eftir að smit hefur greinst.

Í fyrrgreindu svari ráðherra er vísað til þess að riðusmitið sem greindist í haust hafi verið gríðarlega umfangsmikið og magn úrgangs sem til féll við niðurskurð meira en tiltækur brennsluofn réð við. Þessi nýfengna reynsla kalli á skoðun á því hvort nauðsynlegt sé að tryggja innviði sem gera þar til bærum yfirvöldum kleift að fara að reglum við eyðingu á úrgangi sem þessum. – aá

Tveir á toppnum frá Škoda

Škoda Kodiaq 4x4
2.0 / Dísil / Sjálfskiptur
Afmælisverð 6.690.000 kr.
Verðlistaverð 7.290.000 kr.

Škoda Karoq
1.5 / Bensín / Sjálfskiptur
Afmælisverð 4.890.000 kr.
Verðlistaverð 5.550.000 kr.

FIMM ÁRA ÁB… HEKLU 5

HEKLA · Sími 590 5000 · Laugavegur 170 · hekla.is/skodasalur

Óli Björn Kárason var virkur í umræðum í þinginu í gær, meðal annarra. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ágreiningur um nokkur stjórnarmál

STJÓRNMÁL Formenn flokka og þingflokka ræða nú sín á milli um hvernig ljúka eigi þingstörfum fyrir jól en skiptar skoðanir eru innan stjórnarflokkanna um nokkur mál ríkisstjórnarinnar. Þannig er ágreiningur um frumvarp félags- og barnamálaráðherra um breytingar á lögum um fæðingarorlof en heimildir blaðsins herma að breytingatillaga sé væntanleg frá þingmanni úr þingliði Sjálfstæðisflokksins.

Í frumvarpinu er kveðið á um að fæðingarorlof lengist úr níu mánuðum í tólf sem skiptist jafnt milli beggja foreldra.

Þegar hefur verið brugðist við kröfum um að einstæðir foreldrar geti nýtt alla tólf mánuðina sjálfir, án skiptingar, en meðal þingmanna er hópur sem telur að foreldrar eigi almennt að ráða því sjálfir hvort þeir skipti orlofinu milli sín. Samkvæmt heimildum blaðsins eru þingmenn í flokkum Pírata, Miðflokksins og Sjálfstæðisflokksins á þessari skoðun.

Það vakti athygli í gærkvöldi að nokkrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins gerðust áhugasamir um þingmannamál sem var á dagskrá þingfundar í gærkvöldi, frumvarpi mennta- og menningarmálaráðherra um stuðning við einkarekna fjölmiðla, og öðrum málum sem eru til umræðu í samningaviðræðum milli flokkanna um hvaða mál skuli afgreiða eða vísa til nefnda fyrir jól. Frumvarp umhverfisráðherra um miðhálendisþjóðgarð vekur líka litla lukku innan annarra stjórnarflokka en hans.

Samkvæmt heimildum blaðsins er vinna við fjárlagafrumvarpið nú á lokametrunum í fjárlaganefnd. Búast má við að nefndarálit með breytingatillögum nefndarinnar verði afgreitt í dag og 2. umræða um fjárlög geti farið fram á morgun eða fimmtudag. **– aá**

Rafstöðin í Elliðaárdal 100 ára

Árið 1921 var rafstöðin í Elliðaárdal vígð en hún er eitt sögufrægasta og glæsilegasta mannvirki landsins. Í tilefni þess ætlar OR að glæða dalinn enn frekara lífi með opnun sögu- og tæknisýningar undir merkjum Elliðaárstöðvar. Torfan við Rafstöðvarveg fær nýtt hlutverk og merkilegri sögu stöðvarinnar verða gerð góð skil. Líkt og sjá má á myndinni er búið að lýsa rafstöðina upp með glæsilegum hætti. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Minnisblaðið rætt í ríkisstjórn

COVID-19 Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir hefur skilað heilbrigðisráðherra minnisblaði með nýjum tillögum að sóttvarnaaðgerðum. Ný reglugerð tekur gildi á fimmtudag.

Þær takmarkanir sem nú eru í gildi renna út á morgun en þær eru framlenging á þeim takmörkunum sem settar voru á 18. nóvember. Ekkert er vitað um innihald minnisblaðsins en það verður rætt á ríkisstjórnarfundi í dag.

Þórólfur vildi ekki ræða tillögurnar á fundi almannavarna í gær en sagði að fara þyrfti hægt í tilslakanir. Þróunin hafi verið jákvæð síðustu daga, hluti jákvæðra sýna sé nú undir einu prósenti.

„Það er hins vegar ljóst að við þurfum að fara varlega ef við ætlum ekki að fá uppsveiflu í faraldurinn aftur," sagði Þórólfur.

Óvíst væri hvenær bóluefni væri væntanlegt til landsins eða hversu mikið kæmi í hverri sendingu. **– la**

MASTER® HITABLÁSARAR

Þessir einu sönnu gæða hitablásarar.

Bjóðum úrval alvöru hitablásara bæði fyrir gas og diesel/steinolíu.
Eigum líka hitastilla fyrir MASTER hitablásara.
Viðurkennd viðgerða- og varahlutaþjónusta.

ÞÓR HF

Reykjavík:	Akureyri:	Opnunartími:	Vefsíða og netverslun:
Krókhálsi 16 110 Reykjavík Sími 568-1500	Baldursnes 8 603 Akureyri Sími 568-1555	Opið alla virka daga Lokað um helgar	www.thor.is

Voru verðlaunuð fyrir tarotspilið Yggdrasil

Feðginin Haukur Halldórsson og Gunnhildur Hauksdóttir voru nýlega verðlaunuð fyrir spáspilastokkinn Yggdrasil. Gunnhildur segir marga tvinna saman rúnalestur og spilastokkinn. Flestir notendurnir eru Bandaríkjamenn.

SAMFÉLAG Feðginin Haukur Halldórsson og Gunnhildur Hauksdóttir hlutu á dögunum verðlaun hjá Alþjóðlegu tarotstofnuninni fyrir spáspilastokk, Yggdrasil, sem byggður er á norrænni goðafræði. Stokkurinn hefur mestmegnis verið seldur í Bandaríkjunum, en er fáanlegur um hinn enskumælandi heim og á Íslandi þó að hann hafi enn ekki verið þýddur á íslensku.

„Ætli þetta séu ekki nokkurs konar Óskarsverðlaun norna?" segir Gunnhildur, sem er myndlistarmaður, rétt eins og Haukur faðir hennar. Hún ítrekar að stokkurinn sé í raun ekki tarotstokkur heldur eigið spáspilakerfi.

Rótin að kerfinu og myndunum sem prýða spilin eru Eddukvæðin og níu heimar trésins Yggdrasils. Haukur hefur verið í Ásatrúarfélaginu um áratuga skeið og var góðvinur Sveinbjörns Beinteinssonar heitins, fyrsta allsherjargoðans. „Hann eyddi oft jólunum hjá okkur og við eyddum sumrum hjá honum að hjálpa til við sauðburð og heyskap," segir Haukur.

„Verkin mín hafa sótt innblástur í goðafræðina og þjóðtrú síðan Gunnhildur var lítil, hún er alin upp í þessu, heiðnin var alltaf nálæg. Myndirnar sem prýða spilin eru unnar yfir langt tímabil," segir Haukur. Gunnhildur gekk hins vegar ekki formlega í félagið fyrr en á fullorðinsaldri.

Stokkurinn var gefinn út hjá bandarísku útgáfunni Llewellyn á síðasta ári. Gunnhildur segir að fólk hafi nýtt hann á fjölbreyttan hátt við spádóma. Til að mynda notað hann með fuþark stafrófsrúnum. „Fólk hefur verið að leggja lögn og kasta svo rúnum yfir hana," segir Gunnhildur.

Tarotspilið Yggdrasil er fyrsta samstarfsverkefni myndlistarfeðginanna Hauks Halldórssonar og Gunnhildar Hauksdóttur. MYND/AÐSEND

> Ætli þetta séu ekki nokkurs konar Óskarsverðlaun norna?
>
> Gunnhildur Hauksdóttir
> myndlistarkona

Fyrir gerð Yggdrasils höfðu feðginin ekki starfað saman áður að skapandi verkefni. Haukur teiknaði myndirnar og Gunnhildur skrifaði handbókina sem fylgir og textann á hverju spili. Sjö þúsund stokkar voru prentaðir og kláraðist upplagið. Nú stendur til að endurprenta stokkinn.

Aðspurð um íslenska útgáfu segist Gunnhildur gjarnan myndu vilja koma því í kring en til þess þurfi að koma íslenskur útgáfu- og dreifingaraðili.

Ekki er hægt að segja annað en að árið hafi verið gott hjá Hauki, sem er nú orðinn 83 ára gamall. Auk verðlaunanna var ein hans þekktasta afurð, Útvegsspilið, endurútgefin fyrir skemmstu. Hins vegar býr Haukur í Danmörku og hafa þau feðginin ekki getað hist á þessu ári vegna faraldursins, nema á Skype. „Þetta er mjög leiðinlegt því fjölskyldan er mjög dreifð um Evrópu," segir Gunnhildur. „En þetta tekur vonandi brátt enda."

kristinnhaukur@frettabladid.is

© Inter IKEA Systems B.V. 2020

Skrautleg jól!

Nú höfum við LÆKKAÐ VERÐ á allri jólavöru!

TILBOÐ
1.090,-
VINTER 2020
jólatré H55cm ~~1.690,-~~

TILBOÐ
495,-/25 í pk.
VINTER 2020
skrautkúlur ~~795,-~~

TILBOÐ
3.290,-
STRÅLA LED ljósasería
200 ljósa ~~4.790,-~~

Smelltu og sæktu!

Jólamarkaður fyrir framan verslunina opinn 11-20 – IKEA.is

IKEA®

Komið í ljós hverjir verða mótherjar Íslands á leiðinni til Katar

FÓTBOLTI Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu verður í riðli með Þýskalandi, Rúmeníu, Norður-Makedóníu, Armeníu og Liechtenstein í undankeppni heimsmeistaramótsins sem fram fer í Katar í desember árið 2022.

Ísland var í þriðja styrkleikaflokki þegar dregið var í höfuðstöðvum FIFA í Zürich í Sviss síðdegis í gær. Ísland freistar þess að komast í lokakeppni HM í annað skipti í sögunni en liðið lék á þeim vettvangi í Rússlandi árið 2018.

55 þjóðir voru í pottinum og þær dregnar í tíu riðla. Þrettán lið fá sæti á HM en efsta liðið í hverjum riðli fer beint í lokakeppnina. Liðin sem hafna í öðru sæti í riðlunum fara í umspil um þrjú laus sæti

Ísland stefnir á sitt annað HM í röð.

Undankeppnin hefst í mars á næsta ári og klárast svo í nóvember en ekki liggur fyrir hver tekur við stjórnartaumunum hjá íslenska liðinu af Erik Hamrén og stýrir liðinu í þessari undankeppni.

Guðni Bergsson, formaður KSÍ, hefur sagt að stefnt sé að því að klára ráðningu á nýjum þjálfara fyrir árslok.

Arnar Þór Viðarsson, Lars Lagerbäck, Heimir Hallgrímsson, Freyr Alexandersson, Rúnar Kristinsson og Heimir Guðjónsson eru taldir efstir á blaði hjá KSÍ og líklegastir til þess að fá starfið. – hó

Aukinn hvati á starfsemi til almannaheilla

SKATTAMÁL Framlög einstaklinga og atvinnurekenda til almannaheillastarfsemi munu aukast verulega með nýju frumvarpi Bjarna Benediktssonar, fjármála- og efnahagsráðherra. Þetta kemur fram í frétt á vef Stjórnarráðsins.

Ráðherra mælti fyrir málinu á Alþingi í síðustu viku, en tillögurnar snúa bæði að auknum hvötum til að styðja við aðila í almannaheillastarfsemi og léttari skattbyrði aðilanna sjálfra.

Einstaklingum verður heimilt að draga framlög til almannaheillastarfsemi fyrir allt að 350 þúsund krónur á ári frá skattskyldum tekjum sínum utan atvinnurekstrar verði frumvarpið að lögum.

Starfsemi til almannaheilla fyrir allt að 350 þúsund krónur verður frádráttarbær frá skatti.

Lagt er til að atvinnurekendur geti dregið framlög sem nema allt að 1,5 prósentum af árstekjum frá skattskyldum tekjum sínum, en hlutfallið er nú 0,75 prósent.

Við þetta bætist að nýleg frádráttarheimild atvinnurekenda vegna framlaga til kolefnisjöfnunar tvöfaldast, úr 0,75 prósentum í 1,5. Alls geta atvinnurekendur því fengið frádrátt sem nemur 3 prósentum á ári vegna framlaga sinna.

Þá er auk þess lagt til að þeir verði undanþegnir greiðslu tekjuskatts og staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum, auk undanþágu frá greiðslu virðisaukaskatts með nánar tilgreindum skilyrðum.

Enn fremur er lagt til að aðilar sem starfa til almannaheilla verði undanþegnir greiðslu stimpilgjalda og geti auk þess sótt endurgreiðslu allt að 60 prósent greidds virðisaukaskatts af vinnu manna á byggingarstað við byggingu, viðhald eða endurbætur á mannvirkjum sem alfarið eru í eigu þeirra. Lögð er svo til undanþága frá greiðslu erfðafjárskatts af gjöfum til aðila í almannaheillastarfsemi. – hó

Tilkynningar hafa borist um píramídasvindl hér á landi

Neytendastofu hafa undanfarin ár borist tilkynningar um að fyrirtæki stundi píramídasvindl á Íslandi. Engin þeirra ábendinga hefur hins vegar leitt til ákvörðunar eða sektar hjá stofnuninni. Forstjóri Neytendastofu og formaður Neytendasamtakanna brýna fyrir fólki að vera á varðbergi og skoða skilmála vel.

VIÐSKIPTI Neytendastofu hafa borist tilkynningar frá fólki um að píramídasvindl sé stundað á Íslandi. Enginn hefur hins vegar verið dæmdur eða sektaður vegna þess.

„Við höfum fengið ábendingar um að fyrirtæki stundi píramídasvindl en ekkert hefur enn leitt til ákvörðunar hjá okkur," segir Þórunn Anna Árnadóttir forstjóri Neytendastofu. „Ef um er að ræða fyrirtæki sem er staðsett annars staðar í Evrópu þá höfum við skoðað þau mál í samstarfi við yfirvöld í viðkomandi landi."

Um helgina greindi Fréttablaðið frá því að borið hefði á því að fyrirtæki og einstaklingar auglýstu aðganga að Crowd1. Breska ríkissjónvarpið BBC og fleiri hafa lýst því sem píramídasvindli, sem einkum beinist að fólki í Afríku. Hafa nokkur ríki álfunnar bannað starfsemina eða varað við henni.

Þekktasta málið á heimsvísu er Herbalife, sem samdi við bandarísku alríkisstjórnina árið 2016 um að breyta viðskiptamódeli sínu. Fyrirtækið hefur í tvígang síðan þurft að greiða háar fjárhæðir, meðal annars vegna mútumáls í Kína. Fleiri hringir, sem sætt hafa málsóknum og bönnum hafa teygt arma sína til Íslands, svo sem OneCoin og Young Living.

Píramídasvindl er ólöglegt í Evrópu en skilgreiningaratriði hvað falli undir ramma laganna. Hér á Íslandi hefur Neytendastofa eftirlit með að lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu sé fylgt sem og Evrópureglugerð um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir.

Í 14. grein reglugerðarinnar segir: „Að stofna, reka eða kynna píramídafyrirkomulag þar sem neytandinn á kost á þóknun sem er aðallega tilkomin fyrir að fá aðra til liðs við kerfið í stað þess að selja eða neyta vörunnar."

Brýnt er að fólk kynni sér skilmála, sérstaklega ef það ætlar að leggja út fjármuni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Allt píramídasvindl er stórvarasamt.

Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna

Þórunn bendir fólki á að hægt sé að hafa samband við Neytendastofu leiki grunur á að um píramídasvindl sé að ræða. Verði það þá skoðað hvort starfsemin falli undir ákvæði reglugerðarinnar. Erfitt sé þó að eiga við þetta ef fyrirtækið er starfandi úti í heimi.

Brýnir hún fyrir fólki að sýna aðgát. „Fólk ætti að skoða skilmálana vel um hvað það sé að gangast undir," segir hún. „Ef það er ekki visst um hvað felist í þessu þá frekar bíða og sjá. Sérstaklega ef fólk er að setja einhvern pening í þetta."

Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna, segir það í raun og veru ekki neytendamál þegar einstaklingar kaupa og selja sín á milli. Engar tilkynningar um píramídasvindl hafi því borist samtökunum.

Rétt eins og Þórunn brýnir hann þó fyrir fólki að vera á varðbergi. „Við hvetjum fólk til að vara sig á öllu svindli. Allt píramídasvindl er stórvarasamt," segir hann.

kristinnhaukur@frettabladid.is

ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI, VARA- OG AUKAHLUTAVERSLUN

UMBOÐSAÐILI

Jeep®

RAM

FIAT

ALMENNT BÍLAVERKSTÆÐI OG SMURÞJÓNUSTA FYRIR ALLA BÍLA

ALLIR VINNA - ENDURGREIÐSLA VSK.

FIAT HÚSBÍLAR - ÁBYRGÐAR OG ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI

BREYTINGAR Á JEEP®, RAM OG ÖÐRUM USA PALLBÍLUM

ALLIR BÍLAR SÓTTHREINSAÐIR

STUTTUR BIÐTÍMI SÍMI 590 2323

Pallbílahús frá ARE á alla USA pallbíla

Úrval af felgum fyrir Jeep® og RAM

Upphækkunarsett í Wrangler

Upphækkunarsett í RAM

Falcon demparar

Varahlutaverslun ÍSBAND býður upp á gott úrval vara- og aukahluta og íhluta til breytinga. Allir helstu varahlutir í okkar vörumerkjum eru til á lager. Sérpöntum varahluti í aðra USA bíla.

ARE AEV FALCON TERAFLEX

ISBAND

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF • VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN • SMIÐSHÖFÐA 5 • 110 REYKJAVÍK
SÍMI 590 2323 • THJONUSTA@ISBAND.IS • WWW.ISBAND.IS • **OPIÐ VIRKA DAGA KL. 07:45 - 18:00**

Falleg gjöf
Þú færð allt frá Bitz í Vogue og á Vogue.is
Vogue
FYRIR HEIMILIÐ
VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

Ólíklegt að fleiri PS5-tölvur berist hingað til lands fyrir jól

VIÐSKIPTI Lagerinn af PlayStation 5 tölvunum sem til sölu voru hjá Elko í gær seldist upp á örskotsstund. Tífaldur notendafjöldi miðað við vanalega var á heimasíðu verslunarinnar klukkan 14 þegar nokkur hundruð eintök fóru í sölu. Þeir einstaklingar sem fá ekki vél verða látnir vita í vikunni.

„Áhugi fór fram úr okkar björtustu vonum. Þetta er heitasta varan," segir Arinbjörn Hauksson, markaðsstjóri Elko, um söluna í samtali við Fréttablaðið.

Greina mátti mikla óánægju með hvernig málum var háttað í vefsölu Elko á Facebook-síðu íslenskra Playstation-spilara í gær. Þá hafa eintök af tölvunni verið í sölu á sölusíðum á vefnum þar sem fólk býður hundruð þúsunda fyrir eitt stykki PlayStation 5 tölvu fyrir jól.

„Við vorum með nokkur hundruð vélar til sölu sem fóru í sölu klukkan 14 í dag og þá voru á vefnum um 8.000 notendur. Á sama tíma fengum við 2.000 símtöl, 350 tölvupósta og 50 fyrirspurnir á netspjall

> **Öll ofsala verður endurgreidd. Pantanir verða afgreiddar í réttri röð.**
>
> Arinbjörn Hauksson, markaðsstjóri hjá Elko

varðandi sölu á vélinni. Það var mikið álag og einhverjir viðskiptavinir sem upplifðu truflanir.

Það varð í kjölfarið einhver ofsala, sem við vorum búin að vara við, og erum á næsta sólarhring að hafa samband við alla sem komust í gegnum greiðsluferli. Öll ofsala verður endurgreidd. Pantanir verða afgreiddar í réttri röð," segir Arinbjörn. Hann segir að verslunin eigi ekki von á fleiri vélum fyrir jól og í raun sé ekki vitað hvenær næsta sending komi.

Ólafur Þór Jóelsson, framkvæmdastjóri Senu, tók í sama streng í samtali við Fréttablaðið í lok nóvember þegar tölvan seldist upp hjá fyrirtækinu.

„Sony hefur lofað að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma fleiri vélum til okkar eins fljótt og hægt er.

Hvort það verður í janúar eða febrúar er ekki vitað að svo stöddu, en mjög ólíklegt að það verði fyrir jól," sagði Ólafur um stöðu mála á þeim tímapunkti. **– hó**

Hótelið í Reykjanesi þar sem gnægð er af heitu vatni en deilt er um nýtingarrétt og gjaldtöku. MYND/AÐSEND

Bærinn og Orkubúið vilja lausn í Reykjanesi

Forstjóri Orkubús Vestfjarða segist ekki hafa selt Ferðaþjónustunni Reykjanesi heitt vatn á „núll krónur" en kveður samninga geta verið í sjónmáli. Formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar segir nýtt útspil geta verið grundvöll viðræðna.

ORKUMÁL „Það er lausn í sjónmáli ef menn vilja ganga til samninga," segir Elías Jónatansson, forstjóri Orkubús Vestfjarða, um deiluna um afnotarétt af heitu vatni við Ferðaþjónustuna Reykjanesi í Ísafjarðardjúpi.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu á laugardaginn telur Jón Heiðar Guðjónsson, eigandi Ferðaþjónustunnar Reykjanesi, sig eiga rétt á ókeypis heitu vatni sem fylgt hafi með er ríkið seldi honum fasteignir héraðsskólans á árinu 2002.

„Hann keypti ekkert af okkur og ég get ekki svarað fyrir þann samning," segir Elías Jónatansson. Orkubú Vestfjarða eigi nýtingarrétt á jarðhitanum, vilji byggja hitaveitu á staðnum og hefja mælingar og gjaldtöku. Hann útskýrir að samkvæmt gömlum samningi frá því Orkubúið var stofnað hafi öll vatnsréttindi og jarðhitaréttindi í eigu sveitarfélaganna verið sett inn í Orkubúið sem stofnfé.

Elías Jónatansson, forstjóri Orkubús Vestfjarða

Að sögn Elíasar sendi Orkubúið Ferðaþjónustu Reykjaness bréf í apríl 2017 og sagðist þurfa að koma öryggismálum í lag í kring um borholuna á svæðinu. Innheimta þyrfti gjald af notendum en að það yrði

> **Það er ekki óraunhæft að þeir njóti þess í einhverjum mæli að vera ofan á hvernum. Og það eru heldur ekki óraunhæfar kröfur að Orkubúið geti mælt hvaða notkun er í gangi þarna og nýtt heita vatnið með hagkvæmum hætti.**
>
> Daníel Jakobsson, formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar

ekki hátt þar sem kostnaður væri ekki mikill. Hann segir Orkubúið nú hafa lagt á þriðja tug milljóna króna í málið.

Elías segir að á fundi hafi Jón Heiðar ekki verið til í samninga nema hann borgaði „núll krónur" fyrir heita vatnið. „Það var hans útspil við samningaborðið," segir Elías sem kveður Orkubúið hafa verið atkvæðalítið í kröfum sínum síðan. „Það er fullur vilji hérna megin en við getum ekki sest niður og samið um núllið. Þá væru aðrir neytendur á Vestfjörðum að borga fyrir það sem uppbyggingin þarna kostar."

Daníel Jakobsson, formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar, segir bæinn hafa tekið að sér að miðla málum. Báðir aðilar hafi lýst sínum hugmyndum í bréfum til bæjarins. Nú í haust hafi komið tillögur frá Ferðaþjónustunni Reykjanesi sem átt hafi að gefa tilefni til að menn settust niður og ræddu þær. „Okkar hugmyndafræði er að miðla málum þannig að allir geti unað við."

Þótt Daníel segi fremur langt á milli manna, þar sem annar segi að hann ætli aldrei að borga neitt og hinn að hann muni aldrei gefa allt eftir, sé ákveðinn tónn í síðasta bréfinu frá Ferðaþjónustunni Reykjanesi sem geri að verkum að það sé ekki ómögulegt að menn nái saman. „Ég held að það sé þá komið plagg sem er viðræðugrundvöllur."

Varðandi rétt sem Jón Heiðar í Ferðaþjónustunni telur sig hafa til að fá ókeypis heitt vatn segir Daníel að sér finnist vera mjög sterk hefðarrök fyrir því. „Það er ekki óraunhæft að þeir njóti þess í einhverjum mæli að vera ofan á hvernum. Og það eru heldur ekki óraunhæfar kröfur að Orkubúið geti mælt hvaða notkun er í gangi þarna og nýtt heita vatnið með hagkvæmum hætti þannig að fleiri gætu notað það. Það er alls konar atvinnurekstur sem gæti verið þarna," segir bæjarráðsformaðurinn.

„Ef hann er með sterk rök til að semja um sanngjarnt verð þá verðum við auðvitað að skoða það með opnum huga," segir Elías sem kveðst vera hóflega bjartsýnn á að lausn finnist. „Auðvitað er það slæmt fyrir báða aðila að þetta sé svona. Helst vill maður ná samkomulagi en ekki vera að skattyrðast í fjölmiðlum."

gar@frettabladid.is

HÚSASMIÐJAN

JÓLIN FYRIR ÞIG

Sennilega allra bestu sjónvarpskaupin fyrir þessi jól!

99.990kr

65” snjallsjónvarp á einstöku verði

Fæst í veslunum Húsasmiðjunnar um allt land

Enox Clarity Line 65” snjallsjónvarp CL65S-4K. Ný 2021 lína. Frábær mynd. Sérstaklega aðlagað að Netflix, líka Netflix takki á fjarstýringu. Upplausn 3840x2160. 60Hz. **1860800**

husa.is

Þú fyrst

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is

Allt frá því faraldur COVID-19 fór að breiðast um heimsbyggðina hefur mönnum verið ljóst að aðeins ein lausn væri möguleg; bóluefni.

Vísindamenn hafa unnið sleitulaust að þróun þess og tekist á mettíma það sem við leikmennirnir höfum aðeins getað vonast eftir.

Þó svo að þeir níu mánuðir sem liðið hafa frá því að takmarkanir voru settar á hér á landi virðist langur tími fyrir okkur sem bíðum óþreyjufull eftir frelsinu, þá er þetta örskotsstund í heimi vísindanna. Samt eru nú bóluefni frá þremur framleiðendum í áfangamati hjá Lyfjastofnun Evrópu.

Í raun hafa nokkrir þættir flýtt fyrir ferlinu: Vísindamenn sem vanalega fara með rannsóknir sínar sem hernaðarleyndarmál unnu saman, auðvelt var að finna einstaklinga til prófana, auk þess sem kunnáttan er alltaf að aukast og nýjum aðferðum var beitt.

Heilbrigðisráðherra tilkynnti í síðustu viku að búið væri að gera samninga eða fá vilyrði fyrir samningum um efni til bólusetningar fyrir 240 þúsund Íslendinga.

Samkvæmt hennar áætlunum verða 75 prósent þjóðarinnar bólusett en miðað er við alla vega 60 prósent til að ná fram hjarðónæmi sem hún er bjartsýn á að náist á fyrri hluta næsta árs.

Lausnin er fundin. En nú þegar hún er innan seilingar heyrast efasemdaraddir. Margir þeir sem kvartað hafa sáran yfir höftum segjast nú íhuga að bíða, láta aðra bólusetjast fyrst og fylgjast með þróuninni.

Bólusetningar virðast vera sérstaklega vafasamar og hættulegar í augum þeirra sem vantreysta vísindum. Mun sjaldgæfara er að finna barátttu gegn öðrum læknisfræðilegum inngripum, svo sem lyfjaneyslu almennt, skurðaðgerðum eða barattu heilbrigðisyfirvalda fyrir bættum lífsstíl. En hvert má rekja þessa andstöðu? Líklegast má telja að grein Andrew Wakefield sem birtist í einu virtasta riti læknisfræðinnar, The Lancet, árið 1998 hafi verið grundvöllurinn. Í greininni færði Wakefield rök fyrir því að ákveðin gerð bóluefnis orsakaði einhverfu í börnum. Fljótlega komu upp efasemdir um framkvæmd rannsóknanna í greininni sem lyktaði með því að The Lancet afturkallaði greinina, með afsökunarbeiðni, árið 2010, eftir hafa gengið úr skugga um að efni hennar var falsað. Wakefield var vikið úr starfi og hefur þessi óskundi hans verið kallaður verstu læknisfræðileg svik síðustu 100 ára. En efasemdaraddir heyrast þó enn.

Ekki hefur verið rætt um að skylda Íslendinga í bólusetningu þó að heimild sé fyrir því í lögum. Vilhjálmur Árnason, stjórnarformaður Siðfræðistofnunar, sagði í Silfrinu á RÚV um helgina að hann teldi það tvíbent að skylda fólk til að fara í bólusetningu.

Ég er sammála Vilhjálmi að vissu marki en bólusetningar eru ein stærsta og mikilvægasta uppgötvun vísindanna. Áhrif þeirra eru svo mikil að við eigum í erfiðleikum með að ímynda okkur lífið með þeim sjúkdómum sem þau halda niðri eða hafa útrýmt.

Ef ekki væri fyrir forgangsröðun heilbrigðisyfirvalda myndi ég segja:

Ég fyrst!

Bólusetningar virðast vera sérstaklega vafasamar og hættulegar í augum þeirra sem vantreysta vísindum.

PR VERK

ALLIR VINNA
ALLIRVINNA.IS

GETUM BÆTT VIÐ OKKUR VERKEFNUM!

- Parketlögn
- Uppsetning á innréttingum
- Ísetning á hurðum og gluggum ásamt allri almennri smíðavinnu

Gerum tilboð, þér að kostnaðarlausu.

Ívar Guðmundsson – sími: 769 1049
Steve Roberts – sími: 772 2612 – steve@prverk.is

Halldór

Frá degi til dags

Röðin

Þeir sem hafa aldur til muna þegar Hollywood, Sigtún og Broadway voru vinsælir staðir og þar vildu fleiri komast að en inn komust. Þá myndaðist röð. Oft var það besti hluti kvöldsins að vera í röðinni þó það gæti verið kulsamt. Stundum tókust þar góð kynni enda fólk skrafhreifið eftir að hafa hitað upp fyrir kvöldið heima fyrir. Nú er öldin önnur. Helstu raðir eru fyrir utan byggingarvöruverslanir, vínbúðir og raftækjaverslanir. Ekki er ölvun áberandi meðal raðverja en í fásinninu vegna einangrunar er fólk málglatt og ekki ólíklegt að kynni takist með fólki sem bíður eftir að kaupa ljósaperu eða málningardós. Þegar fram líða stundir verða börnum og barnabörnum sagðar sögur af því að pabbi og mamma hafi kynnst í röð fyrir utan Rúmfatalagerinn.

Zúistar

Þá er búið að gefa út ákærur vegna starfsemi Zúista. Eftir ítarlega rannsókn lögreglu virðist liggja fyrir að fremur dauflegt var yfir trúarhaldi innan félagsins og að forsprakkar þess hafi styrkt og viðhaldið þeirri niðurstöðu starfsmanna stjórnvalda að þeir væru alvöru. Í reynd hafi mest verið lagt upp úr fjárhagslegri hlið starfseminnar – sem er gerólíkt öllum öðrum trúfélögum hérlendis.

Betra plan, takk

Eyþór Arnalds
oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Tækifæri borgarinnar liggja í fólkinu og þeim fyrirtækjum sem starfa hér. Þeim hefur fækkað.

Skuldir Reykjavíkurborgar jukust verulega í góðærinu. Það var ekki planið. Borgin reiknaði út að kostnaður við ferðamenn væri 8,3 milljarðar á ári umfram tekjur. Borgin tapaði á stærstu atvinnugreininni. Það er undarleg hagfræði.

Nú er kynnt til sögunnar „Græna planið“ en það byggist á stórfelldri lántöku. Heilir 52 milljarðar teknir að láni á næsta ári. Æ. Græna skuldaplanið. Þótt sumt í planinu sé góðra gjalda vert er annað furðulegt. Sem dæmi má nefna 4,3 milljarða sem eiga að fara í endurbætur á Grófarhúsinu við Tryggvagötu. Þeim fjármunum á að ráðstafa þrátt fyrir að enn liggi ekki fyrir hver endanleg starfsemi á að vera í húsnæðinu. Þá er planað að fjárfesta í malbikunarstöð fyrir milljarða, en borgin rekur malbikunarstöðina Höfða sem er í samkeppni við aðila á markaði. Það er ekki grænt. Og samkvæmt græna planinu og aðalskipulagi á að byggja íbúðablokkir efst í Laugardalnum og heimila atvinnuhúsnæði í Elliðaárdalnum. Það er hvorki vænt né grænt. Nær eingöngu á að byggja upp á dýrum þéttingarreitum. Ekki á Keldum í tíu ár.

Við viljum fjölbreytni í húsbyggingum og leyfa uppbyggingu á hagstæðum lóðum. Við viljum ganga lengra í orkuskiptum en planið græna gerir ráð fyrir. Nýta hreina raforkuna. Við viljum að borgin fari úr samkeppnisrekstri og létti á skuldum. Leggi áherslu á lestur og leikskólapláss, frekar en fjárfestingar í malbiki. Besta planið er að létta byrðarnar á fólki og fyrirtækjum. Skapa störf á hinum almenna markaði en ekki fjölga stöðugildum á skrifstofum borgarinnar. Minnka yfirbygginguna og skuldsetja ekki framtíðina. Bjóða hagstæð byggingasvæði svo fólk geti eignast íbúð en þurfi ekki að flytja burt eða hrekjast til ættingja eins og mörg dæmi eru um. Tækifæri borgarinnar liggja í fólkinu og þeim fyrirtækjum sem starfa hér. Þeim hefur fækkað. Nú þarf að tryggja fjölgun starfa á almennum markaði.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI: Björn Víglundsson RITSTJÓRI: Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, FRÉTTASTJÓRAR: Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* MARKAÐURINN: Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* HELGARBLAÐ: Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Lærðu með því að gera

Davíð Bergmann Davíðsson
starfsmaður Fjölsmiðjunnar

Það er álit margra að aldurshópurinn 16-25 ára sé að verða hvað verst úti í þessum Covid19 faraldri, bæði andlega og líkamlega.

Árið 1994 hóf ég störf í Útideildinni á vegum unglingadeildar Félagsmálastofnunar sem var starfrækt á Tryggvagötu 2 í Reykjavík. Þar kynntist ég fyrst hugmyndafræðinni „Learning by doing“ og hef verið trúr þeirri hugmyndafræði alveg síðan þá. Það var maður að nafni Björn sem upplýsti mig um þessa hugmyndafræði. Hann er einmitt upphafsmaður Mótorsmiðjunnar sálugu en það eru ekki margir sem vita það að hún varð fyrst til í litlum skúr á Tryggvagötu 2 í Reykjavík.

Útideildin var líka vettvangur fyrir foreldra og ungmenni í vanda sem gátu komið inn án þess að panta tíma og fengið leiðbeiningar í gegnum frumskóg kerfisins. Eins var starfrækt alls konar hópastarf, hvort heldur sjálfsmyndarhópar eða fræðsla, þarna fóru líka fram viðtöl en þetta var fyrst og fremst staður þar sem þau voru heyrð og séð. Ef einhvern tímann hefur verið þörf fyrir endurreisn Útideildar, þá er það núna. Það má samt segja að Fjölsmiðjan á höfuðborgarsvæðinu gegni ákveðnu hlutverki sem Útideildin gerði á sínum tíma sem felst fyrst og fremst í því að heyra og sjá þessa krakka og reyna að styðja þau út í lífið með öllum ráðum.

„Learning by doing“ nýtti ég mér líka í hópastarfi sem ég starfrækti fyrir unga drengi sem voru byrjaðir að feta sig inn á hættulegar brautir hvort heldur afbrot eða neyslu vímuefna fyrir meira en tveimur áratugum síðan. Eftir að hafa setið tugi yfirheyrsla þar sem viðkomandi lofaði ítrekað bót og betrun var oft á tíðum lítið um efndir. Kannski vegna þess að þá voru fá úrræði sem tóku á móti þeim.

Þá ákváðum við að búa til hópastarf í samstarfi við lögreglu, slökkvilið, spítala, björgunarsveit, tryggingafélag, Landhelgisgæsluna og fyrrverandi fanga svo einhverjir séu nefndir. Þetta skilaði góðum árangri þar sem þeir fengu að reyna og upplifa ýmislegt í stað þess að messað væri stöðugt yfir þeim yfir borðið. Það er mitt mat og margra annarra að verkkunnátta sé mun slakari nú en hún var fyrir áratug síðan. Ekki veit ég hverju er um að kenna, kannski símum, tölvum?

Þess vegna er það mitt mat að núna hafi aldrei verið meiri þörf fyrir úrræði eins og Fjölsmiðjuna á höfuðborgarsvæðinu. Vísir að svipaðri starfsemi er starfandi víða um land.

Starfsemi Fjölsmiðjunnar á höfuðborgarsvæðinu er einstök og á um 20 ára sögu þar sem m.a. er blandað saman verkþjálfun, fræðslu, sköpun, lífsleikni og hreyfingu í þeim tilgangi að efla virkni og vellíðan nema með nám og vinnu í huga. Ef það hefur einhvern tímann verið staður og stund til að styðja og styrkja slíkt úrræði þá er það einmitt á þessum tímum. Samkvæmt atvinnuleysistölum er þessi aldurshópur að koma hvað verst út hlutfallslega ásamt innflytjendum.

Það er mín tilfinning eftir öll þessi ár sem ég hef starfað við þetta að svona verkþjálfunar- og fræðsluúrræði eins og Fjölsmiðjan á höfuðborgarsvæðinu er að bjóða sé einmitt

Samkvæmt atvinnuleysistölum er þessi aldurshópur að koma hvað verst út hlutfallslega ásamt innflytjendum.

það sem þarf nú á tímum m.a. til að auka vellíðan og virkni þessa aldurshóps í samfélaginu.

Eftir að hafa starfað núna í 26 ár með „olnbogabörnum“ þ.e. einum viðkvæmasta hóp samfélagsins sem hefur fullt fram að færa í okkar samfélagi er ég þeirrar skoðunar að þessi hugmyndafræði, „Learning by doing“, sé enn góð og gild og möguleikarnir eru endalausir til að víkka hana enn frekar út.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ástkær eiginkona mín, móðir, stjúpmóðir, tengdamóðir og amma,

María Olgeirsdóttir

Tangabryggju 13, Reykjavík,

lést á líknardeildinni í Kópavogi föstudaginn 4. desember. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 10. desember kl. 13.00. Vegna aðstæðna verður aðeins nánasta fjölskylda viðstödd útförina.

Hreiðar S. Albertsson
Jóhanna Olga Hreiðarsdóttir
Davíð Kr. Hreiðarsson **Guðrún Petra Árnadóttir**
og barnabörn.

Elskuleg móðir okkar, amma, tengdamamma og systir,

Sigrún Vigdís Viggósdóttir

leikskólakennari,
Breiðuvík 18, 112 Reykjavík,

lést í faðmi fjölskyldunnar þann 28. nóvember. Útförin fer fram í dag, 8. desember, kl. 15 í Grafarvogskirkju. Vegna aðstæðna verða einungis nánasta fjölskylda og vinir viðstödd. Athöfnin verður í streymi á www.mbl.is/andlat. Aðstandendur vilja þakka starfsfólki HERU, 11E og líknardeildar Landspítalans fyrir hlýju og góða umönnun. Þeim sem vilja minnast Sigrúnar er bent á Hugarafl.

María Ingibjörg Ragnarsdóttir **Helgi Þór Harðarson**
Guðmundur Lár Ingason **Nanna Björk Bjarnadóttir**
Ása Sigríður Ingadóttir **Svavar Páll Pálsson**
Viggó Már Ingason **Ásta Björk Guðmundsdóttir**
og barnabörn.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Kristín Ingólfsdóttir

Sverrir Einarsson

Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

HjartaHeill
Minningarkort á hjartaheill.is
eða í síma 552 5744

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Útfararþjónusta í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

ÞETTA GERÐIST: 8. DESEMBER 1980

Friðarsinninn og bítillinn John Lennon féll í valinn

Hinum vinsæla tónlistarmanni og friðarsinna John Lennon var ráðinn bani þennan mánaðardag fyrir tuttugu árum. Hann var fertugur.

Það var sjúkur aðdáandi hans, Mark David Chapman að nafni, sem skaut hann fjórum skotum í bakið fyrir utan Dakota-bygginguna í New York. Sá hafði þegið eiginhandaráritun úr hendi Lennons þennan sama dag.

Eftir árásina lagði hann frá sér byssuna og settist á gangstéttina þar sem lögregla handtók hann.

Lennon og Yoko Ono, kona hans, voru að koma úr hljóðveri þegar skotin riðu af. Þar höfðu þau varið nokkrum klukkutímum í upptökur á nýju lagi Ono. Lennon var fluttur á Roosevelt-sjúkrahúsið en sökum mikils blóðmissis lést hann á leiðinni þangað.

Um leið og fréttinni af láti Lennons hafði verið útvarpað safnaðist fólk saman fyrir utan heimili hans, baðst fyrir, söng lög hans og kveikti á kertum.

Ástkær móðir okkar, amma, langamma og langalangamma,

Halldóra Benediktsdóttir

Dalbraut 27, Reykjavík,

lést hinn 3. desember á Landspítalanum. Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Fyrir hönd aðstandenda,
Erna Baldvinsdóttir
Gunnar Baldvinsson
Júlía Árnadóttir
Guðmundur Árnason
Baldvin Árnason

Elsku bróðir okkar, frændi, fóstbróðir og vinur,

Auðunn Gestsson

blaðasali og skáld,

verður jarðsunginn frá Áskirkju föstudaginn 11. desember klukkan 13 að viðstöddum nánustu aðstandendum. Útförinni verður streymt á slóðinni www.facebook.com/groups/audunngestsson

Gerður og Heiður Gestsdætur
og aðrir aðstandendur.

Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, mágs okkar og frænda,

Baldurs H. Aspar

prentara,
Sólheimum 25, Reykjavík.

Þóra Guðnadóttir
systkini og frændfólk.

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Rut Petersen Sigurhannesdóttir

lést að heimili sínu í Kópavogi, þann 2. desember.

Sig. Nanna Jónsdóttir **William Wright**
Birna Björk Sigurðardóttir **Guðmundur Rúnar Heiðarsson**
Bjarni Þór Sigurðsson **Kristjana Arnarsdóttir**
Ingibjörg Ragna Sigurðardóttir **Victor Pétur Kiernan**
Ásdís Guðrún Sigurðardóttir **Björn Már Bollason**
barnabörn, langömmubörn og langalangömmubarn.

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, bróðir, frændi og vinur,

Salman Tamimi

frá Palestínu,

lést á heimili sínu í faðmi fjölskyldunnar síðastliðinn fimmtudag. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Barnaspítala Hringsins. Útför hefur þegar farið fram.

Ingibjörg Tamimi Sigurjónsdóttir
María Björg Tamimi **Hallur Ingólfsson**
Rakel Dögg Tamimi **Daníel Wirkner**
Nadia Tamimi **Jón Baldur Valdimarsson**
Yousef Tamimi **Linda Ósk Árnadóttir**
Nazima Kristín Tamimi **Bjarki Óðinsson**
Bilal Fathi **Kolgríma Gestsdóttir**
og barnabörn.

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa, langafa og bróður,

Ólafs K. Eiríkssonar

Hlíðarhvammi 12, Kópavogi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Vitatorgi á Hrafnistu í Laugarási.

Erik Bo Eiríksson **Tove Andersen**
Alex Örn Eiríksson
Racel Eiríksson **Oddur Garðarsson**
Svava Eiríksdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Valur Pálsson

viðskiptafræðingur og leiðsögumaður,

verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju 9. desember kl. 13. Vegna sóttvarnareglna verður jarðarförin aðeins fyrir nánustu aðstandendur en streymt verður frá athöfninni á slóðinni www.sonik.is. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Ás styrktarfélag.

Erna Maríusdóttir
Páll Valsson **Nanna Hlíf Ingvadóttir**
Karl Steinar Valsson **Erla Dögg Guðmundsdóttir**
Hermann Valsson **Þóra Magnea Magnúsdóttir**
Sigurður Valur Valsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma, og langalangamma,

Guðrún Halldórsdóttir

frá Blönduósi,

lést á heimili sínu, sunnudaginn 29. nóvember.

Útförin fer fram frá Langholtskirkju, fimmtudaginn 10. desember, klukkan 13.00. Vegna aðstæðna verða aðeins nánustu aðstandendur viðstaddir. Streymt verður frá athöfninni á slóðinni: youtu.be/RL5II2vthIo Virkan hlekk á slóð má nálgast á: mbl.is/andlat/

Steinunn Steinþórsdóttir
Kristjana Steinþórsdóttir **Indriði Ívarsson**
Ólöf Björg Steinþórsdóttir **Lee H. Madden**
Theodór Carl Steinþórsson **Guðbjörg Kristjánsdóttir**
Harpa Harðardóttir
ömmubörn.

FÓLK

Heimili

ÞRIÐJUDAGUR 8. DESEMBER 2020

Gunnlaugur Arnar Ingason er eðalbakari sem gefur lesendum hér uppskrift að girnilegri jólaköku. ↬4

Hildur Þórðardóttir hjá Rúmföt.is, hér með dýrindis Black Forest dúnsæng sem er hólfaskipt og fyllt með fínasta gæsadúni frá Kanada. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Blundað eins og Marie Antoinette drottning

Undir dásamlegum sængurfatnaði úr eðalfínu satíni og silkidamaski frá Rúmföt.is getur manni hæglega liðið eins og drottningu, hertoga eða fursta. Þar fást líka hlýjar og fisléttar dúnsængur, fullkomnar fyrir íslenskt veðurfar. ↬2

Hildur Þórðardóttir segir dúnsængurnar frá Black Forest vera léttar, hlýjar og anda vel. Þær fást í þremur þykktum.

Framhald af forsíðu

Fyrir sparirúmföt bendi ég hiklaust á silkidamask. Það er unaðslegt efni sem lætur manni líða eins og Marie Antoinette Frakklandsdrottningu," segir Hildur Þórðardóttir hjá Rúmföt.is.

Þar er úrval rúmfatnaðar svo mikið og glæst að fólk fær stundum valkvíða þegar það kemur inn í búðina.

„En þá er einmitt mitt starf að hjálpa þeim að velja," segir Hildur og brosir blítt.

„Fyrst fá allir að þreifa á muninum á hinum ólíku sængurverum, allt frá 300 þráða satíni og upp í 600 þráða silkidamask. Svo skiptir máli hvort fólk er að kaupa sparirúmföt handa sjálfu sér eða jólagjafir handa fimmtán barnabörnum. Þeir sem kaupa margar gjafir vilja kannski ekki fara svo dýrt og þá bendi ég þeim á til dæmis 300 þráða satín sem er á mjög góðu verði miðað við gæði, eða 10.900 krónur. Það eru eðalfín sængurföt, mjúk og þægileg, fást í mörgum skemmtilegum mynstrum, og í þeim líður manni kannski meira eins og hertoga eða fursta," segir Hildur og kímir.

Ungbarnasett úr damaski

Í Rúmföt.is fást gæðarúmföt á frábæru verði, fyrir fullorðna og börn, bæði mynstruð og einlit.

„Öll sængurfötin hjá okkur eru úr 100 prósent bómull, bæði satín, damask og silkidamask. Þau anda því vel, halda sér alltaf eins og þarf ekki að strauja ef hengt er beint upp úr þvottavélinni," upplýsir Hildur.

Barnarúmföt í Rúmföt.is eru yndisleg, fást í þremur stærðum og mörgum litum.

„Fyrst má nefna ungbarnasettin, úr satíni eða damaski; meðal annars drifhvít, klassísk satínver sem saumuð eru á staðnum af Margréti saumakonu. Því næst eigum við sett fyrir barnasængur í stærðinni 100x140, með kanínum, bílum og risaeðlum, og loks eigum við mikið úrval af barnasettum í fullri stærð, 140x200, meðal annars með stjörnumerkjunum tólf."

Hildur fær oft og iðulega fyrirspurnir um hvernig sængurföt sé best að velja ef fólk svitnar mikið.

„Í raun henta öll sængurfötin okkar því þau eru öll úr náttúrulegum efnum, en vandamálið er frekar sængin. Ef sæng er með gervifyllingu hleypir hún rakanum ekki í gegn, heldur heldur rakanum frá sér þannig að við vöknum í svitabaði. Þeir sem svitna eiga því frekar að fá sér dúnsængur því þær anda miklu betur og hleypa rakanum í gegn."

Silkidamask í 600 þráða rúmfötum tryggir dásamlegan nætursvefn.

Kanadískur gæðadúnn er í þýsku dúnsængunum frá Black Forest.

Rísaeðlur, bílar, kanínur og fleiri krúttleg barnamynstur gera það enn meira gaman að fara í háttinn hjá börnum lands.

Fullkomnar dúnsængur

Dúnsængur eru misjafnar að gæðum.

„Sumir framleiðendur nota fjaðrir sem fylliefni eða jafnvel afklipptar fjaðrir, eins og ég heyrði um daginn, en fiður þyngir sængina og takmarkar rakadrægnina," útskýrir Hildur sem í Rúmföt.is selur þýskar dúnsængur frá Black Forest en í þeim er allra fínasti gæsadúnninn frá Kanada.

„Í Black Forest-sængunum er einungis dúnn sem gerir þær léttar og hlýjar, og í þeim er nægilega mikið loft til að hleypa raka í gegn. Sængurnar eru hólfaskiptar og er dúninum raðað eftir þörf líkamans. Ytra byrðið er svo að sjálfsögðu úr 100 prósent bómull, enda myndi gerviefni hindra rakadrægnina," segir Hildur.

Gæði dúnsænga eru einmitt mæld í loftinu sem myndast í sængunum og hleypir þá raka í gegn.

„Allra bestu dúnsængurnar eru 700 til 900 cuin á meðan þær lakari, með blöndu af dún og fiðri, eru kannski 300 til 400 cuin. Í samaburði er þykkasta dúnsængin frá Black Forest 860 cuin," upplýsir Hildur og heldur áfram:

„Black Forest dúnsængurnar eru fullkomnar fyrir íslenskt veðurfar því þær eru hlýjar, fisléttar og anda sérlega vel. Þær koma í þremur þykktum svo allir ættu að geta fundið sæng við hæfi, og svo skiptir að sjálfsögðu máli að hafa almennileg sængurföt úr náttúrulegum efnum."

Það lífgar upp á svefnherbergið að setja á rúmið vandaðan rúmfatnað í fallegum litum og rómantískum mynstrum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Margrét saumakona hefur veg og vanda af vönduðum saumaskapnum.

Ungbarnasett úr æðislegu bómullarsatíni eru fínustu vöggusettin á markaðinum í dag, sérsaumuð af Margréti saumakonu hjá Rúmföt.is.

Ótal flott munstur fást fyrir þá sem eru minna hallir undir rómantík.

Fínt úr Þvottahúsi A. Smith

Rúmföt.is anna ekki lengur eftirspurn á dýrindis rúmfatnaði úr silkidamaski og er því hluti þeirra saumaður á Ítalíu.

„Rúmfötin eru saumuð úr sama vandaða silkidamaskinu en munurinn er sá að Ítalirnir setja tölur neðst, á meðan við erum svo gamaldags að notast enn við bendlabönd. Tölur henta vel þeim sem vilja sleppa við að strauja sængurfötin því þá eru engin krumpuð bendlabönd. Ég er kannski svona pjöttuð að geta ekki sofið með krumpuð bendlabönd, en mín sængurföt eru alltaf straujuð, ýmist af mér sjálfri eða í Þvottahúsi A. Smith," segir Hildur og vísar í gott og gamalgróið Þvottahús A. Smith í Bergstaðastræti 52.

„Það kom mér á óvart hvað það borgar sig að láta þvo sængurfötin í góðu þvottahúsi, enda er það ódýrasta heimilishjálpin. Miðað við meðal tímakaup er ódýrara að senda sængurfötin í þvottahús, miðað við tímann sem fer í að setja í vél, taka úr, hengja upp, strauja og brjóta saman. Þaðan koma þau til baka straujuð og fín og tilbúin á hreint og dásamlegt jólarúmið."

Rúmföt.is er á Nýbýlavegi. Sími 565 1025. Opið alla virka daga frá klukkan 12 til 18 og á laugardögum frá klukkan 11 til 15. Sjá nánar á rumfot.is.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

FRÁBÆRT TILBOÐ

EINN AF OKKAR MEST SELDA LEGSTEIN

368. 475 KR.
~~ÁÐUR: 491.300 KR.~~

ATH.!!!
AÐEINS 20 STEINAR Í BOÐI Á ÞESSU TILBOÐI

Innifalið:
Áletrun, ígrafin mynd, hvít lukt, vasi, spörfugl og uppsetning.

Vægt aksturgjald er tekið fyrir uppsetningu utan höfuðborgarsvæðisins.

BEÐRAMMI Á TILBOÐI MEÐ ÞESSUM STEINI 25% AFSLÁTTUR

Fullt verð: kr. 154.400,-
Tilboðsverð kr. 115.800,-
miðað við 80x70 cm. ramma.

Innifalið:
Hvítir steinar, jarðvegsdúkur og uppsetning

ATH ! GÓÐ TILBOÐ
Á ÖLLUM ÖÐRUM STEINUM

ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM ?

hjá Graníthöllinni.
Við tökum að okkur að hreinsa legsteina, endurmála letur og rétta af legsteina sem eru farnir að halla

Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

FOSSALEYNI 16
112 REYKJAVÍK

Graníthöllin
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

Jólaleg jólakaka í uppáhaldi

Gunnlaugur Arnar Ingason, bakari og „pastrychef“, hefur unnið hug og hjörtu sælkera með sínum gómsætu og fallegu eftirréttum, ljúffengu bakkelsi og súrdeigsbrauðum síðustu mánuði.

Matarást Sjafnar

Sjöfn Þórðardóttir
sjofn@torg.is

Gunnlaugur Arnar Ingason bakari býður lesendum upp á uppáhalds jólakökuna sína. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Eðli málsins samkvæmt eru flestar jólagjafir sem Harpa gefur unnar í höndunum. „Langflestar gjafir sem ég hef gefið yfir ævina hafa verið heimatilbúnar og handunnar. Raunar hef ég keypt mjög fáar gjafir í gegnum tíðina og þá helst bara fyrir dætur mínar sem áttu þegar nóg af heimaprjónuðu frá mér. Þó var oftar en ekki samt eitthvað handprjónað frá mér sem aukagjöf undir trénu,“ segir Harpa og kímir.

Hálfprjónað í pakkann

Árlega gefur Harpa um 16-20 jólagjafir og það fer væntanlega nokkur tími í að framleiða þetta allt. „Það er mjög misjafnt hvenær ég byrja að vinna jólagjafirnar en það má segja að ég sé allt árið að dunda mér í þessu. Ég reyni þó að vera búin með sem flestar gjafir fyrir desember því þá finnst mér skemmtilegast að dunda mér við að prjóna og hekla skraut á jólatréð sem er nú orðið eingöngu með heimagerðu og mjög barnvænu jólaskrauti fyrir utan ljósaseríuna,“ segir Harpa.

En hvað gerist ef ekki næst að klára allar gjafirnar fyrir jól? Harpa segist ekki stressa sig yfir því. „Ef ég næ ekki að klára einhverja gjöf, til dæmis fyrir heimilisfólkið, þá læt ég hana bara hálfprjónaða í pakkann og klára hana þegar búið er að opna pakkana.“

Harpa segir það misjafnt hvað megi finna í jólapökkunum frá henni. „Prjónaðir vettlingar, sokkar og húfur úr lopa eru alltaf mjög þægilegar og öruggar gjafir, enda vantar það alltaf yfir kaldasta tímann! Svo er alltaf gaman að prófa eitthvað nýtt en hvað það verður fer bara eftir því í hvernig stuði ég er. Þá hef ég prjónað sjöl og lopapeysur, heklað dúka eða teppi og svo framvegis. Í fyrra gaf ég til dæmis útprjónaðar húfur, útprjónaða háa sokka og prjónað sjal. Einnig heklaði ég sparisvuntur fyrir sonardæturnar.“

Nýtir alla ullarafganga

Harpa er heldur ekki feimin við að nýta afgangsgarn í ýmsar gersemar. „Dóttir mín fékk afgangslopabuxur í jólagjöf sem eru algert æði fyrir veturinn. Svo gerði ég lopagalla úr afgangsgarni fyrir dótturdótturina. Það er mjög misjafnt hversu mikið ég get endurunnið efni, en ég hef reynt að vera dugleg að nota alla ullarafganga. Fyrir nokkrum árum gaf ég til dæmis öllum barnabörnunum teppi í jólagjöf úr afgöngum úr garni. Svo hef ég líka saumað poka úr afgangsefni og hálsbindum sem eru ekki í notkun lengur. Einnig hef ég hef mikið prjónað borðtuskur úr bómullargarni og mylsnur sem ég set utan um skúringamoppuna í stað einnota blaða. Svo er alltaf skemmtilegt að hekla utan um krukkur og gera litlar kertaluktir.“

Uppáhaldsgjafirnar voru handgerðar frá frænku

„Á tímabili hafði ég áhyggjur af því að heimagerðu gjafirnar frá mér væru kannski ekki jafn spennandi og annarra, en þegar ég prófaði að gefa eitthvað annað fékk ég orð í eyra frá systkinabörnum mínum sem sögðu að uppáhalds pakkarnir væru ullarsokkar eða vettlingar frá Hörpu frænku.“ Hún segir það þó ekki algengt að hún fái sjálf handgerðar jólagjafir. „Ég hef fengið einhverjar í gegnum tíðina og kann alltaf verulega að meta það. Í gamla daga gáfu dæturnar mér auðvitað eitthvað sem þær gerðu í smíðum eða textíl í skólanum og í dag fylgir oft listaverk með gjöfinni frá dótturdóttur minni.“

Og hefðin heldur áfram

Að sögn er handavinnuhefðin sterk á heimilinu. „Dóttir mín, Halla Ósk Heiðmarsdóttir, ólst upp við þetta og það hafa í raun flestir heimilismenn tekið þátt í handavinnu að einhverju leyti á heimilinu, hvort sem það er að vinda upp band, handspinna band á rokk eða taka ofan af ullarlagði,“ segir Harpa. Halla er því einnig dugleg við að gefa handunnar gjafir en hennar miðill er aðallega krosssaumurinn. „Þá hefur hún saumað út fæðingarmyndir úr útsaumsefni og bandi sem henni áskotnaðist frá skóla þar sem það átti að henda því. Efniviðurinn hefur nýst í margar gjafirnar. Einnig hefur hún spunnið ull í garn sem hún hnýtir litrík blómahengi úr sem fóru í þó nokkra jólapakka 2019. Að auki hefur hún sett upp orðamyndir þar sem hún púslar saman fjölskyldumeðlimum eða fallegum orðum sem eru afar persónulegar og skemmtilegar gjafir. Einnig hannaði hún og setti saman bók sem var gefin út í hittiðfyrra og heitir Ár eftir ár minningalaupur, þar sem hver síða er óskrifað blað og margnota dagbók. Notandinn setur inn minningu dagsins og getur bætt inn minningu ári síðar og áfram eins og plássið leyfir. Í minningabókinni fær sköpunargáfan sannarlega að njóta sín, skissur, ljóð, handavinnuverkefni og hvað svo sem hver og einn vill.“

Mægurnar Harpa og Halla má yfirleitt finna við vinnslu á ýmsum handavinnugersemum. AÐSENDAR MYNDIR

Hér má sjá afgangabuxurnar víðfrægu sem Harpa gaf Höllu í fyrra. Þessar munu koma sér vel í vetur.

Heklaðar bómullartuskur eru langhentugastar í heimilisþrifin.

Skrautið á jólatrénu er nú allt orðið heimagert.

Halla tekur eftir móður sinni og er dugleg að búa til fallega og persónulega gjafamuni.

> Ef ég næ ekki að klára einhverja gjöf, til dæmis fyrir heimilisfólkið, þá læt ég hana bara hálfprjónaða í pakkann og klára hana þegar búið er að opna pakkana.

Prjónaðar húfur og vettlingar eru sívinsælar í jólapakkann hjá Hörpu.

Þetta gullfallega teppi heklaði Harpa úr afgangsgarni.

Harpa heklar mylsnur fyrir skúringarmoppuna í stað einnota blaða.

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Þjónusta

Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Málarar

REGNBOGALITIR.IS
Alhliða málningarþjónusta. Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Vönduð vinnubrögð og vanir menn. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

myranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is

s. 868 7204

FXR

Torque-X Evo
Vélsleðahjálmur.
Tvöfalt rafmagnsgler, gríma yfir munn.

NITRO
Nitró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

JS LJÓSASMIÐJAN VÉLAVERKSTÆÐI SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTAN
Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir dióðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Mikið úrval
Verð við allra hæfi

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum

Álit Skipulagsstofnunar

Hreinsistöð fráveitu á Selfossi

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Álitið liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík. Álitið og matsskýrslu Sveitarfélagsins Árborgar er einnig að finna á vef stofnunarinnar www.skipulag.is.

Þarftu að ráða?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

Ódýrasti smájeppinn fyrir **íslenskar** aðstæður

DACIA 4x4 DUSTER

VERÐ FRÁ AÐEINS
2.790
ÞÚSUND stgr.

Skoðum með uppítöku á öllum tegundum bifreiða

- Beinskiptur
- Bensín
- 114 hö.

Listaverð hjá umboði: **4.450** þús

Komið og reynsluakið

* m.v 20% útborgun og lán til 84 mánaða.

Bílar í ábyrgð - Allt að 100% lánamöguleiki - Til í ýmsum litum - Góð endursala

586 1414
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík

kaffi á könnunni
opið mán-fös 10-18

2017-2019 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Viðskiptablaðið Keldan

STÓRA BÍLASALAN
...á verði fyrir þig!

Til bygginga

HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Eurotec A4 harðviðarskrúfur. Penofin og Armstrong Clark harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122

Húsnæði

Húsnæði í boði

Herb. til leigu á svæði 201. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Uppl. í síma 893 3475

Til leigu 2ja herb. íbúð með öllu innbúi, á svæði 105 Rvk. Með góðu útsýni yfir sundin og Esjuna. Laus 1. jan. Uppl. í síma 893-3475.

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Atvinna

Atvinna í boði

Stýrimann vantar á tæplega 200 t. netabát sem gerður er út frá Suðurnesjum. Vinsamlegast hafið samband í s. 892 5522.

FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar



GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi

hagvangur.is

HAGVANGUR

VATNSHITABLÁSARAR
Öflugir blásarar með minni pláss þörf og léttari hönnun. Plast skel.

VERÐ FRÁ 99.990 KR

Dreifðu varmanum -fáðu hitann niður
Loftviftur

Hljóðlátar baðviftur

Hljóðlátir blásarar 100 mm

Ósontæki
Hreinsar loft og eyðir örverum.

Verð kr 9.733

Þakblásarar
Mikið úrval af stærðum og gerðum.



Hitavír
Í þakrennur eða vatnslag
Selt í lausu eða í kittum

Verð frá kr/m 1450

ÍSHÚSIÐ - LOFTRÆSTIBÚÐIN Á SMIÐJUVEGI 4A, GRÆN GATA

íshúsið viftur.is

S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

Jólatilboð

STILLANLEG RÚM 20-35% AFSLÁTTUR

VERÐDÆMI

ERGOMOTION +40
35% AFSLÁTTUR

TILBOÐSVERÐ
296.010 KR

VERÐ 455.400 KR
STÆRÐ 2X90X210

Innifalið í verði lagskipt heilsudýna, stillanlegur botn og fætur.

20-35% AFSLÁTTUR

Gjafir sem gleðja!

Headdemock Hengirúm
84.900 kr.
Æðislegt rúmlega eins manns hengirúm til 16 litum. Fyrir 12 til 76 ára

The Klaid
14.900 kr.
Teppið sem allir eru að tala um. Prjónað úr 100% hágæða bómull. Yndislegt og þétt faðmlag sem heldur á þér (ásamt ímyndaða vini þínum) hita allt kvöldið. Fyrir 12 til 92 ára. Stærð: 130x200sm

Edison The Petit
11.900 kr.
Snilldar lampi og fáguð hönnun með þremur birtustillingum og endist í allt að 24 tíma án hleðslu en ekkert mál að hafa í sambandi. Fyrir 7 til 86 ára

Original púði
39.800 kr.
Sestu, leggstu eða slappaðu af hvernig sem þig lystir. Original mun aðlaga sig að þér. Sterkt nylon efnið er nánast ekki hægt að eyðileggja.
Til í yfir 20 litum Fyrir 8 til 89 ára

Translotje
14.800 kr.
Bæði Edison Petit og Transloetje eru innblásnir af „vintage"lömpum hennar Ömmu. Gegnsætt plastefni og 8 mismunandi litir lætur Transloetje standa aðeins út hvar sem hann er. Fyrir 7 til 86 ára

fatboy®

Verslun á horni Ármúla og Grensásvegar | sekkur.is

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan HEILSURÚM

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Þriðjudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
2 °C | 2	0 °C | 6	1 °C | 3
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
-3 °C | 2	0 °C | 4	-5 °C | 7

Suðlæg átt, 3-8 í dag og dálítil snjókoma eða slydda með köflum, en heldur meiri úrkoma á Suðurlandi. Hiti kringum frostmark. Þurrt um landið norðaustanvert og frost 1 til 8 stig.

Miðvikudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
1 °C | 7	1 °C | 9	0 °C | 1
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
0 °C | 3	1 °C | 3	-5 °C | 4

Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
4 °C | 5	2 °C | 5	0 °C | 1
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
4 °C | 1	6 °C | 7	-3 °C | 6

LÉTT

							1	3
	4	1		3		5		
2				8	5			4
1	5		4			3	9	
	6	8		7	9			2
4	2							
5	8		2	9	7			
	9	3			4	7		5
			6					

MIÐLUNGS

9								
2	8			1		7		
	6		9				3	1
3	2					4		
5				7			2	
7	1							
		3	1				5	8
				9	7			4
	4		3		8		6	7

ÞUNG

				8	3			
	6	7		9			2	8
		5				9		
			8				4	
5				3				
2	3	4	9					1
4			1				9	
6		1					5	
	2		4		5			6

Krossgáta

LÁRÉTT
1 ferma
5 tré
6 í röð
8 seinlæti
10 óró
11 léleg
12 frá
13 hlunnindi
15 þokki
17 vitleysa

LÓÐRÉTT
1 nennuleysi
2 þolinmæði
3 atvikast
4 ábati
7 jafnhliða
9 fugl
12 skaði
14 seinka
16 tveir eins



LÁRÉTT: 1 lesta, 5 eik, 6 rs, 8 tregða, 10 ið, 11 aum, 12 burt, 13 tak, 15 fegurð, 17 fírra.
LÓÐRÉTT: 1 leitilf, 2 eirð, 3 ske, 4 arður, 7 sam-tíða, 9 gaukur, 12 bagi, 14 tef, 16 rr.

Skák

Gunnar Björnsson

Vignir Vatnar Stefánsson (2.314) átti leik gegn Felix Blohbergir (2.469) á HM ungmenna í netskák í gær.

14. Rxb5! cxb5 15. Bd5! Ra6 16. Bxa8 Rxc5 17. Bc6 og hvítur vann skömmu síðar. Fjórtán íslenskir fulltrúar taka þátt. Hægt er að fylgjast með mótinu í beinni á skak.is. Undankeppni Friðriksmóts Landsbankans fer fram á morgun.

www.skak.is: HM ungmenna í beinni kl. 15.

Hvítur á leik

6	7	1	4	8	2	5	9	3
3	4	2	6	5	9	8	1	7
5	8	9	7	1	3	2	4	6
7	6	4	8	9	5	3	2	1
2	5	8	1	3	7	4	6	9
9	1	3	2	6	4	7	5	8
1	9	5	3	4	8	6	7	2
8	2	6	5	7	1	9	3	4
4	3	7	9	2	6	1	8	5

6	5	3	8	1	9	4	2	7
7	8	1	4	2	6	5	9	3
9	2	4	7	3	5	8	6	1
8	3	6	5	4	2	1	7	9
2	4	5	9	7	1	6	3	8
1	7	9	3	6	8	2	4	5
3	1	2	6	8	7	9	5	4
4	9	8	2	5	3	7	1	6
5	6	7	1	9	4	3	8	2

7	5	1	6	8	2	4	9	3
8	6	2	4	9	3	5	7	1
9	3	4	7	1	5	6	8	2
1	2	6	8	4	7	3	5	9
3	7	8	9	5	1	2	4	6
4	9	5	2	3	6	8	1	7
5	8	3	1	6	9	7	2	4
2	4	9	3	7	8	1	6	5
6	1	7	5	2	4	9	3	8

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Tönnum sökkt í tilfallandi

BÆKUR

Vampírur, vesen og annað tilfallandi

★★★☆☆

Rut Guðnadóttir

Útgefandi: Vaka Helgafell
Fjöldi síðna: 287

Verðlaunasjóður íslenskra barnabóka hefur verið starfandi síðan 1985. Til hans var stofnaði í tilefni af sjötugsafmæli barnabókahöfundarins Ármanns Kr. Einarssonar og veitt er úr sjóðnum fyrir áður óbirt handrit að barnaeða unglingabók. Margir þekktir rithöfundar hafa hlotið verðlaunin og má þar nefna Yrsu Sigurðardóttur, Gunnar Theódór Eggertsson og Þorgrím Þráinsson sem hefur hlotið þau tvisvar á sínum ritferli. Þessi verðlaun, sem og önnur verðlaun sem veitt eru fyrir óbirt handrit, eru gríðarlega mikil lyftistöng fyrir barnabókaútgáfu á Íslandi og bera vafalaust talsverða ábyrgð á þeirri miklu grósku sem við búum að á því sviði.

Nýjasta verðlaunabókin, Vampírur, vesen og annað tilfallandi eftir Rut Guðnadóttur, fjallar um þrjár þrettán ára vinkonur, Rakel, Millu og Lilju sem hafa átt samleið frá blautu barnsbeini. Þær eru nánar en afskaplega ólíkar og á hver við sitt vandamál að etja, Milla er námshestur sem finnst unglingsárin beinlínis tímaeyðsla, Rakel rekst illa í skóla og felur sig bak við uppreisn af ýmsu tagi og Lilja æfir skauta og lærir á hljóðfæri, er að bugast undan kröfum úr ólíkum áttum sem henni finnst erfitt að mæta og bregst við með því að stjórna því eina sem henni finnst hún geta stjórnað, sem er hvað hún borðar og borðar ekki. Eins og þetta sé ekki nóg þá herja dularfull veikindi á skólasystkin þeirra og þær grunar brátt að stærðfræðikennarinn eigi hlut að máli, sé jafnvel vampíra sem dregur lífsorkuna úr unglingum.

Vampírur, vesen og annað tilfallandi er mjög skemmtilega skrifuð og fyndin bók sem tekur þó einnig á alvöru lífsins og dregur upp raunverulíka mynd af lífi þessara þriggja stelpna, bæði í skólanum og á heimilum þeirra þar sem ógnandi skólafélagar, skilningslausir kennarar og fjarlægir foreldrar virðast nánast taka sig saman um að gera lífið enn erfiðara en það þarf að vera í upphafi unglingsáranna. Vinkonurnar ólíku þurfa að takast á við þá staðreynd að þær eru að þroskast í ólíkar áttir og taka afstöðu til og læra á hluti eins og vináttu, kynhneigð og ólík lífsviðhorf. Öllu þessu eru gerð góð skil í bókinni og á köflum er þeim hluta sögunnar sem snýr að baráttu við yfirnáttúrulegar verur eiginlega ofaukið, þroskasögur stelpnanna eru svo miklu áhugaverðari en bardagar við aldagamlar vampírur þó mögulega megi lesa úr þeim einhvers konar táknmyndir. Í framhaldi af því verður að segjast að titill bókarinnar er ekki lýsandi fyrir efnistökin í bókinni og hefði mátt vanda valið betur á honum.

Það breytir því ekki að Vampírur, vesen og annað tilfallandi er áhugaverð, skemmtileg og fyndin bók sem hollt er fyrir bókaorma á barmi unglingsáranna að sökkva tönnunum í. **Brynhildur Björnsdóttir**

NIÐURSTAÐA: Skemmtileg og fyndin bók sem fjallar um svo miklu meira en vampírur og vesen.

Jólalistamessa í Kirkjuhúsinu

Kanill heitir jólalistamessan sem verður opnuð í gamla Kirkjuhúsinu á Laugavegi 31 fimmtudaginn 10. desember. Hún verður opin til jóla fram á Þorláksmessu frá kl. 14.00 til 20.00 alla daga.

Yfir hundrað listamenn taka þátt með úrvali verka sem verða til sýnis og sölu. Listamennirnir eiga það sameiginlegt að vera meðlimir í Sambandi íslenskra myndlistarmanna og vinna verk í fjölbreytta miðla.

Listamessa af þessu tagi er bæði uppskeruhátíð þar sem samsýning slíks fjölda af listamönnum gerist einatt einungis á þessum tíma ársins, sem og einstakt tækifæri fyrir fólk til að kynna sér úrvalið af myndlist hér á landi og eignast sína persónulegu listsýningu á heimilinu. Þá má segja að þetta sé rétti tíminn til að fjárfesta í list og styðja þannig við bakið á listamönnum í leiðinni.

» YFIR HUNDRAÐ LISTAMENN TAKA ÞÁTT MEÐ ÚRVALI VERKA SEM VERÐA TIL SÝNIS OG SÖLU.

Skúlptúr eftir Ragnhild Stefánsdóttur. MYND/AÐSEND

Brotist út úr rammanum

Sýning á verkum Gunnars Júlíussonar stendur yfir í Litla Galleríi Hafnarfirði og lýkur 27. desember. Þema sýningarinnar er timburverk og hringformið, þar sem viðfangsefnin fá rými til að brjótast út úr rammanum.

Gunnar er frá Vestmannaeyjum, en flutti til Reykjavíkur til að nema í Myndlista- og handíðaskólanum. Hann tók fyrst þátt í sýningu árið 1995 og hefur síðustu ár einbeitt sér meira að listinni í mörgum miðlum. Hann hefur tekið þátt í mörgum samsýningum. Vinnustofa Gunnars er í Ishúsi Hafnarfjarðar.

★★★★★

„Fullmótaður skáldsagnahöfundur stígur fram í besta verki sínu til þessa."
ÓTTAR KOLBEINSSON PROPPÉ / FRÉTTABLAÐIÐ

„*Bróðir* er margbrotið samtímaverk sem tekur á stórum spurningum ..."
RAGNHEIÐUR BIRGISDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

„Hörkuspennandi og einstaklega vel byggð bók."
JAKOB BJARNAR / VISIR.IS

„Absolút besta bók Halldórs."
GÍSLI MARTEINN BALDURSSON / MORGUNKAFFIÐ

Mögnuð saga eftir **Halldór Armand** um eitrað en fallegt systkinasamband.

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið 10–19 alla daga til jóla | **www.forlagid.is**

DORMA
Láttu drauminn rætast
SMÁRATORG | HOLTAGARÐAR
AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR

Heima er best
» Jólin 2020 «

Gerðu góð kaup i **verslunum** okkar eða á **dorma.is** og við **sendum** allar vörur **frítt**

DORMA HOME sængurföt

Sængurfötin frá Dorma Home eru ofin úr 300 gsm bómullarþræði sem gefur frábæra endingu, viðkomu og mýkt. Þau eru með OEKO-TEX® vottun um að þau séu framleidd án allra skaðlegra efna. Sængurfötin koma í nokkrum mismunandi mynstrum/litum og fást í 3 stærðum.

Fullt verð 140 x 200 cm: **9.990 kr.** Aðeins: **7.992 kr.**
Fullt verð 140 x 220 cm: **11.990 kr.** Aðeins: **9.592 kr.**
Fullt verð 200 x 200 cm: **16.990 kr.** Aðeins: **13.592 kr.**

ROMA svefnsófi

Vel bólstraður og mjúkur click-clack svefnsófi í sterku áklæði sem fæst í 5 mildum, fallegum litum. Hægt er að lyfta höfða- eða fótahluta. Bak er tvískipt; hægt er að leggja annan eða báða hluta niður. Hæð sófa í svefnstöðu er 50 cm og svefnpláss er 120x200 cm.

Fullt verð: 99.900 kr.

Aðeins **74.900 kr.**

DÝNA, BOTN, FÆTUR OG GAFL

SEALY
BOSTON
heilsurúm

Boston City koma í tveimur gráum. Botn, dýna og gafl eru klædd sama áklæði sem gefur rúminu glæsilegt útlit. Dýnan er svæðaskipt poka-gormadýna. Efst er mjúk og þægileg yfirdýna sem styður vel við líkama þinn. Botninn er með gormum (Boxspring) sem gefur viðbótarfjöðrun.

Boston 160 x 200 cm
Fullt verð: 279.900 kr.
209.925 kr.

Boston 180 x 200 cm
Fullt verð: 299.900 kr.
224.925 kr.

Boston 200 x 200 cm
Fullt verð: 349.900 kr.
262.425 kr.

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast

DAGSKRÁ

Þriðjudagur

HRINGBRAUT

20.00 Bókahornið Bókahornið fjallar um bækur af öllu tagi, gamlar og nýjar, með viðtölum við skapandi fólk.
20.30 Lífið er lag Þáttur um málefni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri áranna. Umsjón: Sigurður K. Kolbeinsson.
21.00 21 - Fréttaþáttur á þriðjudegi 21 er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringaþáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernis með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.
21.30 Stjórnandinn Niðurtalning í Viðurkenningarhátíð FKA sem haldin verður 27. janúar 2021. Á hátíðinni koma framlína íslensks viðskiptalífs og félagskonur FKA saman til að heiðra konur úr atvinnulífinu.

RÚV SJÓNVARP

09.00 Heimaleikfimi
09.10 Kastljós
09.25 Menningin
09.30 Spaugstofan 2007 - 2008
09.55 Landakort Fertugasta orgelið fór til Bolungarvíkur
10.00 Innlit til arkitekta
10.30 Íþróttaafrek sögunnar Mark Spitz og Billy Mills
11.00 Norskir tónar KORK - hele landets orkester
11.45 Heimaleikfimi
11.55 Á líðandi stundu 1986
13.20 Veröld sem var
13.50 Úr Gullkistu RÚV. Útsvar 2007-2008 Fjallabyggð - Árborg
14.40 Í vingarðinum
15.15 Kvöldstund 1972 - 1973
15.55 Sue Perkins skoðar Gangesfljót
16.45 Menningin - samantekt
17.25 Jóladagatalið. Snæholt
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Jóladagatalið - Jól í Snædal
18.25 Jólamolar KrakkaRÚV Jólatónlist
18.33 Jólamolar KrakkaRÚV Bóla og Trjálfarnir
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.05 Hjálp til sjálfshjálpar
20.35 Heragi Tribal Boot Camp
21.25 Velkomin til framtíðar-Velkomen til fremtiden
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.25 Komdu heim Come Home Írskir þættir um Greg sem stendur eftir sem einstæður faðir þriggja barna þegar eiginkona hans til 19 ára yfirgefur þau að því er virðist upp úr þurru. Christopher Eccleston fer með hlutverk fjölskylduföðurins Gregs sem keppist við að halda fjölskyldunni saman.
23.25 Svikamylla Bedrag
00.25 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

08.00 LPGA Tour 2020 Útsending frá Volunteers of America Classic.
11.00 LPGA Tour 2020 Útsending frá Volunteers of America Classic.
14.00 LPGA Tour 2020 Útsending frá Volunteers of America Classic.
17.00 LPGA Tour 2020 Útsending frá Volunteers of America Classic.
20.05 European Tour 2020 Útsending frá Golf in Dubai Championship.

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 American Housewife
14.25 The Block
15.25 BH90210
16.30 Family Guy
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 Speechless
19.30 mixed-ish
20.00 The Block
21.00 Innan vi dör
22.00 Why Women Kill
22.45 The Chi
23.35 The Late Late Show
00.20 Emergence Spennandi þáttaröð um lögreglukonu sem tekur að sér litla stelpu sem stendur ein eftir, minnislaus eftir dularfullt slys.
01.05 Stumptown
01.45 Nurses
02.30 Gold Digger
03.25 The Arrangement Leikkonu eru boðnar $10 milljónir dollara fyrir að ganga í hjónaband með einni stærstu stjörnu í Hollywood, en það er ekki allt sem sýnist.
04.10 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegið
12.20 Hádegisfréttir
13.00 Dánarfregnir
13.02 Það sem skiptir máli
13.05 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Lofthelgin
15.00 Fréttir
15.03 Frjálsar hendur
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Krakkakastið
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr EvrópuVerbier hátíðin
20.35 Mannlegi þátturinn
21.40 Kvöldsagan. Atómstöðin (4 af 17)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

10.45 Wonder
12.35 Hundur hennar hátignar
13.55 Ocean's Eleven
15.50 Wonder
17.40 Hundur hennar hátignar
19.05 Ocean's Eleven
21.00 Miss Bala
21.00 Miss Bala
22.40 The Foreigner
00.30 Kate Plays Christine

STÖÐ 2

08.00 The Middle
08.20 God Friended Me
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Gilmore Girls
10.05 Ultimate Veg Jamie
10.50 First Dates
11.40 NCIS
12.20 Jóladagatal Árna í Árdal
12.35 Nágrannar
12.55 Friends
13.20 Life and Birth
14.05 Eldhúsið hans Eyþórs
14.25 Your Home Made Perfect
15.25 The Mindy Project
15.55 Grand Designs
16.45 Jólaboð Jóa
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Last Man Standing
19.30 Shark Tank
20.20 Hell's Kitchen USA
21.05 The Sounds
21.50 Warrior
22.35 The Undoing
23.35 True Detective
00.35 True Detective
01.30 Grantchester
02.15 Grantchester
03.00 First Dates
03.50 Friends

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Barnaefni
19.55 Friends
20.20 Friends
20.45 The Goldbergs
21.15 Supernatural
22.05 Game of Thrones
23.00 Game of Thrones
23.55 Slicon Valley
00.25 Friends
00.45 Friends
01.10 The Goldbergs

STÖÐ 2 SPORT

08.45 Levante - Getafe
10.25 Spezia - Lazio
12.05 Juventus - Torino
13.45 Inter Milan - Bologna
15.25 Dominos Körfuboltakvöld Kjartan Atli fer yfir stöðu mála í Dominos-deild karla.
16.40 Seinni bylgjan - karla Markaþáttur Olís-deildar karla.
17.45 Zenit - Dortmund Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
19.40 Man in the Middle Roberto Rosetti, yfirmaður dómgæslu hjá UEFA, segir frá innleiðingu myndbandadómgæslu í Meistaradeildinni. Fylgst er með þjálfun bestu dómara Evrópu í nýrri og umdeildri tækni.
20.25 Football League Show
20.55 Ítölsku mörkin
21.45 Fiorentina - Genoa
23.25 Léttir sprettir 2
23.45 Léttir sprettir 2
00.00 Chelsea - Krasnodar

STÖÐ 2 SPORT 2

07.40 Reading - Nottingham Forest
09.25 Sevilla - Real Madrid
11.05 Atlético Madrid - Real Valladolid
12.45 Cádiz - Barcelona
14.25 Eibar - Valencia
16.05 Fiorentina - Genoa
17.45 Ítölsku mörkin
18.35 Spænsku mörkin
19.30 Meistaradeildarmessan
22.00 Meistaradeildarmörkin
22.25 Zenit - Dortmund
00.20 Leipzig - Manchester United

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

GÓÐ JÓL, GÓÐ BÓK



Dýralíf
TILBOÐSVERÐ: 4.899.-
Verð áður: 6.999.-



Fjarvera þín er myrkur
TILBOÐSVERÐ: 4.899.-
Verð áður: 6.999.-



Eldarnir
TILBOÐSVERÐ: 4.899.-
Verð áður: 6.999.-



Snerting
TILBOÐSVERÐ: 4.899.-
Verð áður: 6.999.-



Vetrarmein
TILBOÐSVERÐ: 4.899.-
Verð áður: 6.999.-



Bráðin
TILBOÐSVERÐ: 4.899.-
Verð áður: 6.999.-

Framúrskarandi fyrirtæki 2016 2020

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboðsverð gilda til og með 9. desember. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Umfangsmikið ársuppgjör Spotify liggur fyrir og þar er í mörg horn að líta.

Tónaflóð á veiruári

Þótt tæpur mánuður sé eftir af þessu fordæmalausa ári hefur Spotify þegar sent notendum ársuppgjörið yfir lögin sem þeir streymdu oftast og mínútufjöldann sem þeir hlustuðu. Hér opna nokkrir tónlistarunnendur Spotify-bókhaldið.

Tónlistarveitan Spotify heldur vandlega utan um hvaða tónlistarstefnum, tónlistarfólki og lögum notendur hennar streyma í gegnum tölvur sínar og snjalltæki.

Ársuppgjörið fyrir 2020 er því álíka umfangsmikið og undanfarin og öllu eðlilegri ár og fróðleikurinn sem þar er að finna er sem fyrr áhugaverður. Bubbi er til dæmis kóngurinn á Spotify á Íslandi þar sem hann er mest streymdi tónlistarmaðurinn.

Mest streymda lagið á Íslandi er hins vegar, eins og á heimsvísu, Blinding Lights með tónlistarmanninum sem kallar sig The Weekend. Esjan með Bríeti er í öðru sæti en næst skýtur Íslendingur upp kollinum í fimmta sæti þar sem sjálfur Ingó Veðurguð er með lagið Í kvöld er gigg. Lóðbeint á eftir Ingó í sjötta sæti er Eurovision-hetja Íslands á Eurovision-lausu ári, Daði Freyr, með Think About Things.

Persónulegir spilunarlistar fólks eru síðan öllu fjölbreytilegri eins og þetta mjög svo óvísindalega úrtak ber með sér.

toti@frettabladid.is
steingerdur@frettabladid.is

Unnsteinn Manúel

tónlistarmaður

Hlustað í 34.924 mínútur

„Hafdís Huld eignaði sér toppsætið á árslistanum mínum. Sonur minn hlustar á vögguvísurnar hennar á hverju kvöldi, en það byrjaði samt bara í haust. Annars langar mig að biðja fólk um að hlusta og lesa textann í laginu Ass like that, það er góð lexía inn í nýtt ár.“

1. Hafdís Huld - Ljós
2. Hafdís Huld - Litlar Stjörnur
3. Hafdís Huld - Dvel ég í draumahöll
4. Hafdís Huld - Sofðu unga ástin mín
5. Hafdís Huld - Sofa urtubörn
6. Caroline Polachek - So hot you're hurting my feelings
7. Victoria Monét - Ass like that
8. Gilberto Gil - Óia eu aqui de Novo
9. Hafdís Huld - Óskasteinar
10. Brandy - Borderline

Katrín Júlíusdóttir

framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja og rithöfundur

Hlustað í 16.877 mínútur

„Veit ekki hvað ég á að segja um þetta annað en að mér sýnist heimsfaraldurinn aðeins hafa mildað „playlistann“. Ég hef líka breiðan tónlistarsmekk þótt ég hallist nokkuð að þungarokki og tónlist sem keyrir stemminguna dálítið hátt upp,“ segir fjármálaráðherrann fyrrverandi sem steig nýlega fram sem glæpasagnahöfundur. „Mest spiluðu flytjendurnir hjá mér voru Garðar Thor Cortes, Jet, Coldplay, Rammstein og Páll Óskar,“ bætir Katrín og áréttar að mest spilaða tónlistartegundin hjá henni hafi verið rokk.

1. Look What You've Done - Jet
2. Insomnia - Can't Get No Sleep
3. Viva La Vida - Coldplay
4. Running For Our Lives - Marianne Faithfull
5. 7 Seconds (feat. Neneh Cherry) - Youssou N'Dour
6. Allt fyrir ástina - Páll Óskar
7. I Don't Want the World to See Me - Jack Brentley
8. Add This Song - GusGus
9. Fade Into You - Mazzy Star
10. Ausländer - Rammstein

Einar Bárðarson

framkvæmdastjóri Votlendissjóðs

Hlustað í 24.116 mínútur

„Ég sá einhvers staðar í kringum þessa samantekt að ég hafði spilað Farin 1.065 sinnum sem tengist auðvitað þjóðarátakinu Farin í milljón,“ segir Einar Bárðarson skellihlæjandi og er með löglegar skýringar á reiðum höndum. Farin, sem hann samdi fyrir Skítamóral fyrir rúmum tuttugu árum, náði nefnilega nýlega milljón spilunum á Spotify og höfundurinn hefur því að vonum haft á því góðar gætur. Og ljáð nokkrum sinnum eyra.

„Fyrir utan það þá er svolítið gaman að því að þetta eru allt íslensk lög. Nýliðinn krassasig og krakkarnir í Góss eru í miklu uppáhaldi hjá mér og svo hin ástkæri dægurlagahöfundur Magnús Kjartansson sem á bæði Skólaball og Sólarsamba. Svo eru gömlu meistararnir Bubbi og Holy B, sá síðarnefndi hefði líklega verið ofar ef ég hefði ekki verið að horfa á hann öll laugardagskvöld þetta árið.

1. Farin - Skítamórall
2. Einn dag í einu - krassasig

3. Aldrei ein - Skítamórall
4. Eitt lag enn - GÓSS
5. Brjóta heilann - krassasig
6. Velkomin - Bubbi Morthens
7. Skólaball - Brimkló
8. Sólarsamba - GÓSS
9. Ekkert að - Nína Dagbjört
10. Fallegur dagur - Bubbi Morthens

Óli Dóri

plötusnúður og rekstrarstjóri Kex Hostel

Hlustað í 37.983 mínútur

„Ég kaupi mikið af vínyl og vegna þess er mikið af þeirri tónlist ekki að skila sér inn á Spotify. Samkvæmt þessum lista hlustaði ég greinilega mikið á raftónlist og á um 8.000 fleiri mínútur en á síðasta ári.

Lagið sem stingur smá í stúf þarna er Men Called Uncle með Elvis Costello & The Attractions. Ég var í Mexíkó rétt fyrir COVID og lagið passaði vel inn í dagana á ströndinni. Síðan hef ég reglulega heimsótt það þar sem það tekur mig aftur í COVID- og áhyggjufrítt ferðalag. Topplagið OAR003-B er frá 2009 með Oni Ayhun sem hliðarverkefni Olof Dreijer úr The Knife, einstök epík sem hefur verið mitt þemalag á þessu blessaða ári 2020.“

1. OAR003-B - Oni Ayhun
2. Vitamin C - Conducta
3. x_dkjf_a - Baltra

4. Lanarka - Sébastien Léger
5. Super Koto (Andras Fox extended mix) - Ponzu Island
6. Isle of Taste - Session Victim
7. Men Called Uncle - Elvis Costello & The Attractions
8. Love Me For Real - Rim Kwaku Obeng
9. Pelota - Khruangbin
10. I'm God - Clams Casino

Anna Margrét Björnsson

upplýsingafulltrúi hjá franska sendiráðinu og blaðamaður

Hlustað í 21.053 mínútur

„Ég var dálítið hissa þegar ég sá listann minn. Það vantar allt rokk og ról og það er augljóst að á þessu herrans ári 2020 var ekkert einasta partý. Ég hef greinilega bara hlustað á endalausa playlista af kokkteil-, kvikmynda- og bókasafnatónlist svona til að hafa kósí heima. Mæli samt alveg með Soundcarriers fyrir fólk sem fílar Broadcast og Stereolab,“ segir Anna Margrét og stingur laginu í ellefta sæti að. „Svo ná The Chills inn á listann minn með Pink Frost í 11. sæti en það er stórkostleg nýsjálensk 80's hljómsveit.“

1. Let it ride - The Soundcarriers
2. Šta je tu je - Ljupka Dimitrovska
3. Le temps de l'amour - Françoise Hardy
4. The Pink Room - Angelo Badalamenti
5. Waterfall - Vök

6. Love Will Tear Us Apart - Nouvelle Vague
7. Snake Eyes - Trouble
8. O Relógio - Os Mutantes
9. La nuit n'en finit plus - Petula Clark
10. Sexopolis - Jean - Pierre Mirouze

Beltone **Amaze**™

Jafnvel þögnin verður verðmætari

Hágæða heyrnartækin frá Beltone **Amaze**™ gera þér kleift að heyra betur svo lífsgæðin batna til muna. Þessi nýja kynslóð heyrnartækja skilar einstökum hljómgæðum og tengist beint við snjallsímann þinn eða önnur snjalltæki. Þú upplifir þögnina á nýjan hátt þegar þú leggur við hlustir með Beltone **Amaze**™. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

Kringlunni • sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN

Hefur verið syngjandi frá því í vöggu

Jóhanna Elísa Skúladóttir gaf á dögunum út plötuna Mystic Moon. Lögin á henni eru innblásin af málverkum og sökkti hún sér í ævintýraheim við gerð plötunnar.

Þann 20. nóvember kom út platan Mystic Moon með tónlistarkonunni fjölhæfu Jóhönnu Elísu. Hún syngur, spilar á píanó, semur lög og útsetur sjálf.

„Undanfarið hef ég verið að koma mér á framfæri með eigið efni, gefa út lög og koma fram á tónleikum. Stundum kem ég fram ein þar sem ég syng og spila á píanó, en við stærri tilefni kalla ég fram strengjasveitina mína. Ásamt því að semja þá hef ég einnig verið að koma fram sem söngkona, til dæmis í brúðkaupum og er aðeins komin með fæturna inn í þann bransa. Það finnst mér ótrúlega skemmtilegt og væri til í að gera meira af þegar aðstæður leyfa," segir Jóhanna.

Raulandi í vöggunni

Foreldrar Jóhönnu Elísu segja að hún hafi í raun byrjað að syngja áður en hún gat talað. Það hafi því fljótt verið ljóst hvert stúlkan stefndi.

„Þau heyrðist allavega í mér raula í vöggunni úti á svölum, aðeins nokkurra mánaða. Þegar ég varð eldri var ég oft að spila á hljómborð og syngja með, svo foreldrar mínir settu mig í tónlistarnám þegar ég var sex ára gömul. Ég lærði á klassískt píanó í tólf ár en fékk mikinn áhuga á söng eftir Singstar-afmælispartí þegar ég var níu ára gömul. Stelpurnar í afmælinu sögðu: „Vá, Jóhanna, við vissum ekki að þú gætir sungið svona." Svo ég dreif mig í Söngskóla Maríu Bjarkar í söngnám meðfram píanónáminu," segir hún.

Á plötunni Mystic Moon tvinnar Jóhanna Elísa saman tónlist og myndlist, en lögin eru samin í kringum ákveðin listaverk.

„Einn dag sat ég við píanóið heima og hafði samið píanólag. Ég á yfirleitt auðveldara með að semja lög en texta. Mig langaði að semja texta við þetta lag og leit upp þar sem ég sá málverk hanga fyrir ofan píanóið. Mér fannst þetta málverk passa einstaklega vel við lagið sem ég hafði samið og ákvað að sökkva mér inn í málverkið, fá innblástur."

> ÉG VAR EIN Á SAFNINU, SAT OG HORFÐI Á MÁLVERKIN OG SKRIFAÐI NIÐUR HUGMYNDIR Í LITLA DAGBÓK UM ÞAU MÁLVERK SEM HÖFÐUÐU TIL MÍN.

Hún segir textann hafa komið til hennar um leið og hann sé hennar túlkun og upplifun á málverkinu.

„Þetta var dálítið einstakt augnablik. Ég var allt í einu komin inn í ævintýraheim málverksins í stutta stund. Þetta lag heitir Mystic Moon, og mér fannst við hæfi að kalla plötuna mína eftir þessu lagi."

Innblástur á Kjarvalsstöðum

Stuttu seinna spratt upp sú hugmynd hjá Jóhönnu Elísu um að semja fleiri lög á þennan máta.

„Ég dreif mig á Kjarvalsstaði til að fá innblástur. Á safninu var sýning á fantasíumálverkum Kjarvals og var fjöldinn allur af málverkum þar sem gripu mig. Ég var ein á safninu, sat og horfði á málverkin og skrifaði niður hugmyndir í litla dagbók um þau málverk sem höfðuðu til mín. Ég tók líka myndir til að geta skoðað heima. Ég horfði á eitt málverk, og það kom laglína strax í huga minn. Ég tók hana upp á síma og vann síðan lagið út frá upptökunni. Ég skrifaði litla smásögu um það sem ég hélt að væri að gerast í málverkinu. Úr varð síðan lagið Pegasus."

Vinnan að baki Mystic Moon hefur staðið í um eitt og hálft ár, og því hafði heimsfaraldurinn ekki bein áhrif á útgáfuna.

„Mér þykir því afar gott og frelsandi að sleppa af henni takinu og finnst í raun allt í lagi að geta ekki haldið tónleika sem stendur. Ég stefni þó á að halda útgáfutónleika í janúar sem verða sömuleiðis útskriftartónleikar mínir úr Listaháskólanum þar sem ég stunda nám í tónlistarkennslu ásamt laga- og textasmíð."

Tónlistarnám í Róm

Jóhanna Elísa segist hafa nýtt tímann vel í tónlistina við byrjun heimsfaraldursins.

„Ég var allt í einu með allan tímann í heiminum til að klára plötuna, semja tónlist og vera skapandi. Þegar leið á og eins og staðan er núna, þá er sagan hins vegar önnur og ég á erfitt með að semja og koma mér í sköpunargírinn. Þó ég hafi fengið góðan innblástur frá málverkum þá er líka svo mikill innblástur sem kemur af því að hitta vini sína, annað tónlistarfólk og fara á tónleika og aðrar uppákomur."

Fyrr á árinu kom út tónlistarmyndband við lagið Queen of winter sem er á plötunni.

„Það er eiginlega uppáhaldslagið mitt af plötunni og bauð upp mjög skemmtilega atburðarás fyrir myndband. Í stuttu máli sagt þá eru þrír karakterar í myndbandinu, Haustið, Veturinn og Sólin. Tökur gengu ótrúlega vel en ég fékk vin minn, Nikolaj, fá Danmörku til að koma og taka upp myndbandið. Við fórum á marga staði í námunda við Reykjavík og vorum mjög heppin með veður. Myndbandið er mjög spennandi og fallegt, en Nikolaj er mjög hæfileikaríkur upptökumaður."

Jóhanna Elísa stefnir á tónlistarskiptinám í Róm í vor ef aðstæður leyfa.

„Þannig að hugur minn er kominn hálfa leið til Ítalíu núna. Ég vil því halda útgáfu- og útskriftartónleika áður en ég fer. Þess vegna verð ég í hálfgerðum skipulagsgír núna um jólin."

Jólunum mun Jóhanna Elísa verja með sinni nánustu fjölskyldu.

„Það verður því miður ekkert stórt fjölskylduboð þetta árið. Við finnum bara eitthvað sniðugt í staðinn. Mér finnst mjög gaman að baka og er búin að baka fullt fyrir jólin. Ég elska líka borðspil, svo ætli ég neyði ekki fjölskylduna til að spila við mig," segir hún.

Plötuna Mystic Moon er hægt að nálgast á helstu steymisveitum.

steingerdur@frettabladid.is

Jóhanna Elísa segist hafa nýtt tímann vel í byrjun faraldursins en að aðstæðurnar hafi orðið lýjandi þegar á leið. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

gledipinnar.is

GLEÐIKRÓNUR

Gleðikrónur eru skemmtileg gjafakort sem gilda á öllum veitingastöðum Gleðipinna. Jólin nálgast og Gleðikrónur eru fullkomin leið til að gleðja starfsmannahópinn.

Gleðikrónur henta öllum og sá sem hefur Gleðikrónur undir höndum getur valið úr fjölda veitingastaða og borðað þar sem hann langar hverju sinni.

American Style · Eld Smiðjan · Hamborgarafabrikkan · Kaffihúsið Egilsstöðum · Aktu Taktu · Pítan · Shake & Pizza Egilsstöðum · Saffran · Blackbox Vid Pizzu

Þú sendir póst á gledikronur@gledipinnar.is og við sendum þér tilboð fyrir þinn hóp.

GLEÐiPiNNAR

STÖNDUM SAMAN & HÖLDUM GLEÐINNI

Einfaldaðu aðventuna!

★JÓLAHLAÐBORÐIÐ★

— KEMUR TIL ÞÍN Í ÁR —

JÓLAHLAÐBORÐ
4.850 kr.
Fyrir 2

JÓLABAKKI
4.650 kr.

12 snittur
fyrir 4

KJÚKLINGAVÆNGIR
2.490 kr.
TILBOÐ

40 bitar
fyrir 5

KJÚKLINGA-BORGARAR
2.490 kr.
TILBOÐ

15 bitar
fyrir 5

KJÚKLINGA-TVENNA
2.490 kr.
TILBOÐ

31 bitar
fyrir 5

Það er auðvelt að velja og panta á netinu og við bjóðum fría heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu ef pantaðir eru 4 bakkar eða fleiri. Athugið að panta þarf bakkana eigi síðar en kl. 15 næsta virka dag fyrir afhendingu.

somi.is / 565 6000



FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000

RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

KINDA sögur
2. BINDI
Fæst í verslunum okkar
á Selfossi og í Ármúla 42
Bókakaffið

BAKÞANKAR

Hauks Arnar Birgissonar

Karteflur

Elsku Hurðaskellir. Geturu gevið mér slím auga. Sistir mín eiðilagði það óvart. Heni lángar í kerteflu.“ Svona hljóðaði handskrifað bréf sjö ára sonar míns til Hurðaskellis fyrir rétt rúmum þremur árum. Á sama tíma og drengurinn bað um leiðréttingu þeirra ranginda sem hann hafði verið beittur, krafðist hann þyngstu refsingar yfir gerandanum. Með útsmognum hætti, mætti jafnvel segja. Hurðaskellir tók samviskusamlega við kröfubréfinu og varð við fyrri kröfunni en sem betur fer gat sá gamli séð í gegnum „greiðasemi“ bróðurins og sú litla vaknaði glöð morguninn eftir, ómeðvituð um réttarhöldin sem farið höfðu fram um nóttina.

Öllum verða okkur á mistök og stöðugt erum við dæmd fyrir hegðun okkar. Með tilkomu samfélagsmiðla eru dómarnir hins vegar kveðnir upp að öllum viðstöddum, dómsorðin rata um víðan völl þaðan sem þau verða aldrei afmáð. Það virðist einkenna dómsuppsöguna að refsingin er sjaldnast í samræmi við brotið og fyrir minnstu sakir eru viðurlögin opinber niðurlæging þar sem dómararnir geta ekki hamið sig í orðanotkun.

Mér verður oft hugsað til þess hvernig Hurðaskellir hefði afgreitt málið, hefði hann komist að niðurstöðu um sekt dóttur minnar. Kartafla í skóinn hefði verið sanngjörn refsing. Hún felur einmitt í sér skýr skilaboð en er á sama tíma ekki opinber. Ef maður treystir sér ekki til að segja eitthvað við fólk í eigin persónu, þá skal maður láta það ógert á samfélagsmiðlum.

Fyrstur bræðranna kemur til byggða eftir fjóra daga sem þýðir að í morgun hóf Giljagaur sinn fyrsta dag í sóttkví, að lokinni fyrri skimun. Með foreldra í áhættuhópi borgar sig að fara gætilega – eins og almennt í lífinu.

Beint í bílinn úr lúgunni
Kvikk ON THE GO | ORKAN